

MOSFELLINGUR

2. tbl. 9. árg. föstudagur 5. febrúar 2010. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Kristján Þór Einarsson
og Linda Rún Pétursdóttir

Íþróttamenn Mosfellsbæjar

Kjör á Íþróttamönnum Mosfellsbæjar fór fram sunnudaginn 17. janúar. Linda Rún Pétursdóttir, hestaíþróttakona úr Hestamannafélaginu Herði og Kristján Þór Einarsson, golfíþróttamaður úr golfklúbbum Kili voru sæmd titlunum íþróttakona og íþróttamaður Mosfellsbæjar 2009. Auk þeirra voru tilnefnd: Thelma Rut, karatekona; Heiða Guðnadóttir, golfíþróttakona; Einar Haukur golfíþróttamaður; Kristján Helgi, karatamaður; Reynir Örn hestaíþróttamaður og Viktor Guðbergsson, aksturíþróttamaður. Fjöldi afreksmanna var heiðraður við sama tilefni en þetta er í 18 skipti sem útnefningin fer fram.

Mynd/Hilmar


EIGN VIKUNNAR

Furubýggð - Parhús



Fallegt 169,5 m² parhús á einni hæð með bílskúr við Furubýggð 19 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, borðstofu, stofu og sólstofu. Bílskúrin er 27,4 m² með geymslulofti. Þetta er mjög falleg eign í falletgu umhverfi. **V. 36,5 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is



RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun



Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Bláðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengi en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 26. febrúar

Með kærleikann að vopni

Stefnt er að því að halda
Skærleiksviku í Mosfellsbæ
14.-21. febrúar. Áhugasamir
einstaklingar hafa stofnað
undirbúningshóp sem



vinnur nú að
dagskrá vinnun-
ar. „Markmið
vinnunnar er að
hver einasti bæj-
arúi finni fyrir
kærleik í sinn
garð og gefi af
sér kærleik.
Þetta gæti
falist í
hrósi,
faðm-



lagi, brosi, fallegum skila-
boðum eða einhverju öðru
uppbyggilegu og skemmti-
legu.”

Hvet ég alla til að taka
þátt í vinnunni með ein-
um eða öðrum hætti.

Aldrei áður hafa eins
margir flokkar í
Mosfellsbæ efnt til prófkjörs
fyrir sveitarstjórnakosningar.
Sitt sýnist hverjum um þá
aðferð við uppstillingu á lista.
Ekki koma alltaf allir sáttir frá
því. En svo virðist sem þessi
umræða komi alltaf upp í kjöl-
farið.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



www.isfugl.is



Fremst frá vinstri: Katrín Ólafsdóttir, Ökrum; Kolbrún Gestsdóttir, Úlfarsá; Þórunn Bjarnadóttir, Mosfelli; Marta Hauksdóttir, Helgafelli; Signý Jóhannsdóttir, Dalsgarði; óþ; María Hákonardóttir, Grund; Arnþrúður Guðmundsdóttir, Markholti 2. **Önnur röð frá vinstri:** Sigrún Jónsdóttir, Möðruvöllum; Guðrún frá Morastöðum; Valgerður Hermannsdóttir (?), Helgastöðum; Hjördís Leósdóttir, Hlíðartúni; Ásta Jónsdóttir, Reykjum; Þuríður Guðjónsdóttir, Helgadal (?); Helga Bjarnadóttir, Fells múla; Helga Aðalsteinsdóttir, Korpúlfsstöðum; Sigríður Erlendsdóttir, Hlíðartúni; Erna Sigurjónsdóttir, Áshamri; Guðrún Jóhannsdóttir, Dalsgarði; Hildur Jörundsdóttir, Litlalandi. **Þriðja röð frá vinstri:** Örlýgur Jessen, Borg (?); Bjarni Ásgeirsson, Reykjum; Páll Árnason, Reykjalandi; Guðmundur Ringsted; Kristinn Magnússon, Reykjabraud; Rúnar Jakobsson, Norður-Reykjum; Hilmar Bjarnason, Mosfelli; óþ; Kjartan Jónsson, Hraðastöðum; Jól Kr. Jólsson, Reykjalíð; Sigurður Geirsson, Hjarðarnesi; (?); Reynir Óskarsson, Hlíðartúni; Brynjar Viggósson, Markholti. **Aftast frá vinstri:** Sveinbjörn Sveinbjörnsson (?); Guðmundur Gíslason, Hálsi; Sveinn Sveinsson, Bjargi; Jónas Þór, Blómvangi; Hörður Stefán Harðarson, Reykjalíð; Gísli Arason; óþ; Jón Óli, Reykjum (?); Sveinbjörn Guðmundsson, Lykkju; Sigurjón Karlsson, Eyrarkoti; Þorsteinn Guðmundsson, Pormóðsdal; Hans Gíslason, Hlíðartúni.

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Skólablaðið ASKUR var gefið út um tíma af
nemendum Brúarlandsskóla. Myndin var birt í
blaðinu árið 1965. Geta má þess að um tíma var
samstarf við Kjalarnes og Kjósarhrepp um ung-
lingakennslu og rekin heimavist í tengslum við
skólann. Undirritaður fékk aðstoð nokkurra úr
hópnum við nafnaleit og kann þeim bestu þakk-
ir. Ábendingar og leiðréttingar eru vel þegnar.
Í síðasta Mosfellingi var rangt farið með nafn
heimiliskennarans á Suður-Reykjum. Rétt nafn
er Tryggvi Pétursson.

Myndin er tekin í leikfimisál Brúarlandsskóla.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson



HÉÐAN OG ÞAÐAN



**Kíktu inn á
www.matarlist.is
til að kíkja á
frábærar
uppskriftir
og
hugmyndir
varðandi
matargerð og
matarmenningu.**



Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: **586 8080**
www.fastmos.is

Viltu leigja?

- VANTAR EIGNIR Á SKRÁ -

Svanþór Einarsson, löggiltur leigumiðlari
Einar Páll Kjærnested, löggiltur leigumiðlari



Skólabraut - Einbýlishús

160,9 m² einbýlishús með bílskúr á falllegum stað við Skólabraut í Mosfellsbæ. Frábær staðsetning! Stutt í skóla og alla þjónustu. Stór lóð með timburverönd og falllegu útsýni.
V. 39,2 m.



Leirvogstunga - Einbýlishús

Fallegt og vel skipulagt 198 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Leirvogstunga í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, tvö baðherbergi, fjögur svefnherbergi, geymslu, þvottahús og bílskúr.
V. 43,9 m.



Brattahlíð - Einbýlishús

Mjög fallegt og vel skipulagt 228 fm einbýlishús í byggingu, á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Bröttuhlíð 15 í Mosfellsbæ. Húsið er fókelt og tilbúið til afhendingar.
V. 33,0 m.



Laxatunga 116-124

Falleg 117-119 m² raðhús á einni hæð. Húsin skiptast samkvæmt teikningu í forstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, geymslu, stofu og borðstofu. Húsin verða afhent fullbúin að utan, einangruð og tilbúin undir innvegi.
Verð frá 23,8 m.



Arnarhöfði - Endaraðhús

Mjög fallegt 188 m² endaraðhús á 2 hæðum með bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Falleg aðkoma er að húsinu, stórt bílplan fyrir framan húsið er heillagat og garðurinn gróinn með falllegri timburverönd. Stutt er í leikskóla, grunnskóla, sund og á golfvöll Mosfellsbæjar.
V. 46,0 m.



Blikahöfði - 2ja herbergja

Rúmgóð og björt 77 m², 2ja herbergja íbúð með sérinnangi af svalagangi, á 3ju hæð við Blikahöfða 7 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, rúmgott svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla á 1 hæð. Svalir í suðvestur með falllegu útsýni. Eignin er laus til afhendingar!
V. 16,9 m.



Tröllateigur - 3ja herbergja

Falleg og rúmgóð 121,9 fm, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara í glæsilegu lyftuhúsi við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vönduð og fallega innréttað íbúð með falllegu útsýni til suðvesturs. **Lækkað verð!**
V. 24,5 m.



Meðalfellsvegur - sumarb.

50,2 fm sumarbústaður ásamt bátaskýli rétt við Meðalfellsvatn í Kjós. Húsið stendur á 1.600 fm gróinni lóð á falllegum stað. Í húsinu er kalt vatn og rafmagn. Töluvert af innbúi fylgir með bústaðnum. Bústaðnum fylgir bátaskýli og bátur við Meðalfellsvatn. **Lækkað verð!**
V. 8,9 m.



Esjuginn - Kjalanes

178,4 m² einbýlishús með bílskúr á falllegri sjávarlóð við Esjuginn á Kjalarnesi. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Verönd og góður garður í suðvestur með gróðarmiklu útsýni yfir Faxaflóann og til Reykjavíkur. Húsið er nýmálað að innan og laust til afhendingar!
V. 32,5 m.



Esjuginn - Kjalanes

Fallegt 185 m² raðhús á 2 hæðum ásamt tvöföldum bílskúr við Esjuginn á Kjalarnesi. Aðkoma að húsinu er falleg, stórt bílplan og falllegur garður með verönd í suður. **Seljandi skoðar ýmis skipti!**
V. 34,9 m.



TIL LEIGU

Þverholt

verslunar- og þjónusturými

Til leigu bjart og vel skipulagt 68 m² verslunarhúsnæði á jarðhæð við Þverholt 2 (Kjarna). Húsnæðið er tilvalið undir verslun eða skrifstofu. Plássíð skiptist í opið rými, salerni og skrifstofu. Dúkur og flísar á gólfum. **Laust strax! Hagstæð leiga.**



TIL LEIGU

Völuteigur - Atvinnuhúsnæði

Til leigu 120 m² iðnaðarhúsnæði á einni hæð við Völuteig í Mosfellsbæ. Stór innkeyrsluhurð, mjög mikil lofthæð er í húsinu. Stórt bílplan við húsið er malbikað og góð aðkoma eru að húsinu.

Leiga á mánuði er 110.000 kr. + vsk. Laust strax!



Góður árangur í grunnskólunum

Síðastliðið haust þreyttu nemendur í 4., 7. og 10. bekk samræmd könnunarpróf og komu grunnskólar Mosfellsbæjar afar vel út. Nemendur í Mosfellsbæ í 4. og 7. bekk voru yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði og í 10. bekk var Mosfellsbær á pari við landsmeðaltalið. Það er mat skólanna að nemendur séu öflugir á mörgum öðrum sviðum, t.d. í skapandi greinum eins og tónlist, myndlist og öðrum verkgreinum. Þá meta skólarnir og Skólaskrifstofa að líðan nemenda og samskipti barna séu yfirleitt til fyrirmyndar.



Framkvæmdir aftur á dagskrá

Útlit er fyrir að framkvæmdir við tvöföldun Vesturlandsvegar frá hringtorginu við Þverholt að Þingvallaafleggjara hefjist í vor. Hringtorgið við Varmá verður stækkað og gerðar hljóðmanir meðfram lóðum milli Álafossvegar og Áslands. Mosfellingar hafa lengi barist fyrir því að umferðaröryggi og hljóðvist á þessum kafla yrði bætt og er nú loks útlit fyrir að af því verði. „Það er ánægjulegt að það hafi verið hlustað á okkar rök í málinu sem við höfum verið dugleg að koma á framfæri. Við erum þakklát fyrir skilning Kristjáns Möllers samgönguráðherra á málinu,” segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

Mjótt á mununum í prófkjöri Samfylkingarinnar sem fram fór 30. janúar

Jónas sigræði með einu atkvæði

Samfylkingin í Mosfellsbæ raðaði frambjóðendum á lista í prófkjöri sem fram fór laugardaginn 30. janúar. Kjörsókn var 47,9% en 501 var á kjörskrá.

Gríðarleg barátta var um fyrsta sæti listans en Jónas Sigurðsson oddviti flokksins hafði þar sigur með einu atkvæði gegn Valdimari Leó Friðrikssyni fyrrverandi þingmanni. Jónas hlaut 88 atkvæði í fyrsta sætið en Valdimar Leó 87 atkvæði. Valdimar hafnaði í 2. sæti, Hanna Bjartmars í 3. sæti og Anna Sigríður í 4. sæti. Að sögn formanns kjörnefndar voru atkvæðin marg talin en auðir og ógildir seðlar voru átta talsins.

Enginn frambjóðenda fékk bindandi kosningu eða yfir 50% greiddra atkvæða. Samfylkingin er með tvo sitjandi fulltrúa í bæjarstjórn Mosfellsbæjar, þau Jónas Sigurðsson og Hönnu Bjartmars.



Eftu menn á lista Samfylkingarinnar, Jónas og Valdimar Leó.

Sáttur við niðurstöðuna

„Þetta er tvímælalaust sigurstranglegur listi sem kosinn var í prófkjörinu. Vissulega var mjótt á mununum en



ég er sáttur við útkomuna og mun una mínu sæti. Ég treysti kjörstjórninni fullkomlega og mun því ekki óska eftir endurtalningu,” segir Valdimar Leó. „Við Jónas höfum unnið saman í meira og minna 12 ár og okkar samstarf á eflaust eftir að skila góðu starfi fyrir bæjarbúa. Að sjálfsögðu stefnum við að því að ná Hönnu inn sem þriðja bæjarfulltrúanum í vor og býr forysta flokksins bæði yfir krafti og reynslu sem getur fleytt okkur langt.”

Valdimar á ekki von á því að breyting verði á efstu sætum. Að lokum sagði hann að prófkjörsbaráttan hafi tekið á eins og gengur og gerist, en honum sé efst í huga þakklæti til stuðningsmanna og meðframbjóðenda fyrir skemmtilega kosningabaráttu.



Rökrætt við Ólaf Óskarsson formann kjörnefndar eftir að úrslit voru kunngjörð.

ÚRSLIT ÚR PRÓFKJÖRINU

Sæti	Atkv. í sæti
1. Jónas Sigurðsson	88 1.
2. Valdimar Leó Friðriksson	90 1.-2.
3. Hanna Bjartmars Arnard.	109 1.-3.
4. Anna Sigríður Guðnadóttir	103 1.-4.
5. Lís Greipsson	114 1.-5.
6. Jónas Rafnar Ingason	114 1.-6.

Samkvæmt reglum um kynjahlutföll hafa Jónas Rafnar og Lís sætastípti.

Nýtt trausts innan Samfylkingarinnar

„Vissulega hefði ég viljað sjá meira afgerandi niðurstöðu í oddvitastöðu flokksins. Margir sóttust eftir efsta sætinu og dreifing atkvæði því meiri en ella. Enginn hlaut bindandi kosningu í prófkjörinu og kjörnefndin hefur nú frjálssar hendur með tillögu til félagsfundar en tekur að sjálfsögðu mið af niðurstöðu prófkjörsins. Með því mannavali sem tók þátt í prófkjörinu tel ég að niðurstaðan verði listi sem höfðar til Mosfellinga í komandi bæjarstjórnarkosningum.

Ég tel stöðu mína sterka innan flokksins enda að fá um 52% heildar atkvæða á listann. Flestir vita að á síðustu vikum var mikil fjölgun á nýjum félögum. Þar á meðal einstaklingar sem eru yfirlýstir sjálfstæðismenn og auðvitað skekkir það heildar niðurstöðuna. Sumum finnst þetta eðlilegt en að mínu mati er verið að seilast ansi langt í þessum efnum,” segir Jónas Sigurðsson.

„Prófkjör er ekki það skemmtilegasta sem ég geri í pólitík. Ég kann betur við að takast á um málefni en að takast á um persónur. Í heildina litid er ég sáttur við það fólk sem tók þátt í prófkjörinu og tel að út úr þessu komi samheldinn hópur. Ég ákvað að taka þátt í prófkjörinu til að fá úr því skorið hvort flokkurinn vildi hafa mig áfram og tel ég því að ég hafi fullt traust til áframhaldandi setu sem oddviti Samfylkingarinnar.”



KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikna

Sunnudagurinn 7. febrúar
Bíblíudagurinn
Guðsþjónusta í Lagafellskirkju kl. 11. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Sunnudagurinn 14. febrúar -
Guðsþjónusta í Lagafellskirkju kl. 11. Sr. Skirnir Garðarsson

Sunnudagurinn 21. febrúar
Taize/kærleiksguðsþjónusta í Lagafellskirkju kl. 20.
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Hreinsun í kirkjugörðum Lagafellssóknar
Vorhreinsun fer að hefjast í kirkjugörðum Lagafellssóknar að

Lágafelli og við Mosfell. Þeir aðstandendur, sem settu jólasक्रaut eða aðrar skreytingar eru hvattir til að koma í garðana og huga að leiðum ástvina sinna. Fjarlægja jólasक्रaut af leiðum og léttu þannig undir með starfsmönnum garðanna og koma í veg fyrir að eigulegt skraut lendi í glatkestunni. Hægt er að nálgast upplýsingar um garðana í gegnum netfangið hreidar@kirkjan.is.

www.lagafellskirkja.is

Vinum saman af krafti



Elías Pétursson

Við þurfum öflugan og hreinskiptinn mann til verka. Setjum Elías Pétursson í 3. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna 6. febrúar.

Stuðningsmenn

3

Fit • Pilates

STINNUR RASS, SLÉTTUR MAGI

Fit Pilates tímar

mánudaga og fimmtudaga kl. 12, 17:30 og 18:45



Þú byrjar þegar þér hentar

Skráning hjá Smára í s. 896-2300
og smari@fitpilates.org



Íþróttamiðstöðinni að Varmá

www.fitpilates.org

PRÓFKJÖR Í MOSFELLSBÆ



Prófkjör Framsóknarmanna í Mosfellsbæ vegna bæjarstjórnarkosninga vorið 2010

Prófkjörið fer fram laugardaginn 27. febrúar 2010 frá klukk-
an 10.00 til 15.00 í sal Framsóknarfélags Mosfellsbæjar
að Háholti 14 í Mosfellsbæ. Prófkjörið er opið öllum sem
skráðir eru í Framsóknarflokkinn, eru með kosningarétt og
lögheimili í Mosfellsbæ á kjördegi.

Stjórn Framsóknarfélags Mosfellsbæjar

Nánari upplýsingar veita Óðinn Pétur Vigfússon í síma 868-1313,
Þróstur Karlsson í síma 894-5111 og www.mosfellsfrettir.is



Framsóknarfélag Mosfellsbæjar

Júlía Margrét Jónsdóttir 5-7 sæti
Prófkjör Sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ 6. febrúar 2010



Með þakklæti
í góðum höndum
Júlía J. Jónsdóttir

Kæru Mosfellingar

Ég óska eftir stuðningi ykkar, **við...**

...aðhald og hagsýni í fjármálum bæjarins

...fjölskylduvænt bæjarfélag með áherslu
á samleið menntunar íþróttar og tómstunda.

...íþróttir, æskulýðsstarf og þjónustu við
unga sem aldna.

...að tryggja öryggi heimila og fyrirtækja

...nýtingu tækifæra sem felast í okkar fallega
og nánasta umhverfi til heilsuefingar.

...að styðja við nýja atvinnuvegi og eins þá
sem fyrir eru í bæjarfélaginu.

www.jmj-xd.net



HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

1290,-



Þrjónuðu 94 húfur fyrir heimilislausa

Fyrir jólin tók starfsfólk leikskólans Reykjakots þátt í verkefninu „Hljýjar hendur fyrir börn“ og þrjónaði 55 vettlingapör fyrir Mæðrastreysniefnd. Í framhaldi af því kom fram sú hugmynd að þrjóna húfur fyrir heimilislausa Íslendinga. Mikill hugur var í fólki og hófst það áttak um áramótin. Nú hefur starfsfólk Reykjakots skilað af sér 94 húfum til Samhjalpar og Hjálpræðishersins. Gyða Vigfúsdóttir leikskólalastjóri segir að hjá þessum samtökum sé unnið frábært og óeigingjarnt starf þar sem fólki sem hvergi á höfði sínu að halla er veitt húsaskjól og fæði.

Opið hús orðið gríðarlega vinsælt

Fjölmenni var á opnu húsi Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar í lok janúar en umfjöllun kvöldsins var bókin „Melt-ingarvegurinn og geðheilsa“ eftir Dr. Natasha Campbell-McBride. Vigdís Steinþórsdóttir hjúkrunarfræðingur kynnti innihald bókarinnar og Kolbrún Þorsteinsdóttir lýðheilsufræðingur og móðir deildi eigin reynslu með fundarmönnum. Opið hús er orðið fastur liður í mannlífi Mosfellsbæjar og eru þau alltaf haldin síðasta miðvikudag í sept - nóv og jan - apríl klukkan 20 í Listasalnum Umfjöllunin þann 24. febrúar verður „Frá foreldri til foreldris - jákvæðni og umhyggja í samstarfi foreldra, skóli án eineltis.“



Framsóknarmenn velja á lista 27. febrúar

Framsókn í prófkjör

Framsóknarflokkurinn í Mosfellsbæ efndir til prófkjörs laugardaginn 27. febrúar. Stíllt verður upp á lista fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fara 29. maí. Prófkjörið er opið öllum sem skráðir eru í flokkinn og verður kosið í sal Framsóknarfélagsins að Háholti 14, kl. 10-15 á kjördag. Tíu manns hafa gefið kost á sér í prófkjörið en framboðsfrestur rann út þriðjudaginn 2. febrúar.



Tíu framsóknarmenn taka þátt í prófkjöri flokksins sem fram fer 27. febrúar. Á myndinni má sjá frambjóðendurna ásamt því sæti sem þeir sækjast eftir. Frá vinstri: Linda Björk Stefánsdóttir (3.-4. sæti), Guðni Þorbjörnsson (3.-5. sæti), Sveinbjörn Ottosen (4. sæti), Marteinn Magnússon (1. sæti), Ásta Björk Benediksdóttir (2.-3. sæti), Björg Ree-haug Jensdóttir (2.-3. sæti), Óli Kárason Tran (5.-6. sæti), Snorri Hreggviðsson (2. sæti), Bryndís Bjarnarson (2. sæti), Eggert Sólberg Jónsson (5.-6. sæti)

Jógvan og Habbý krossleggja fingurna fyrir úrslitakvöld Eurovision

Treysta á stuðning Mosfellinga

Blaðamaður hitta Jógvan Hansen og Hrafnhildi Jóhannesdóttur á dögunum í Súluhöfða en þar hafa þau fest kaup á vinalegri íbúð. Hrafnhildur, sem er Mosfellingur í húð og hár, er í sambúð með hinum færeyska söngvara Jógvani Hansen. Jógvan syngur á úrslitakvöldi Söngvakeppni Sjónvarpsins laugardagskvöldið 6. febrúar. Lagið heitir One More Day og er eftir Kjósverjana og nágrannana Óskar Pál og Bubba Morthens.

„Það er mikill heiður fyrir mig að fá að vinna með þessum miklu fagmönnum. Fólk kys svo auðvitað bara það lag sem því finnst best,“ segir Jógvan. Fjölskyldan mín er auðvitað öll í Færeyjum og nú er bara að treysta á sinn heimabæ, Mosfellsbæ, segir Jógvan á léttu nótnum. Kosningasími Jógvans á morgun, laugardaginn 6. febrúar, er 900-9004.



Eldri borgarar fræðast um Egils-sögu hjá Bjarka Bjarnasyni.

Var Egill skúrkur eða hetja?

Í janúarmánuði gekkst Félag eldri borgara í Mosfellsbæ fyrir nám-skeiði um Egilssögu. Leiðbeinandi var Bjarki Bjarnason cand. mag. og fór kennslan fram í Brúarlandshúsinu. Þátttakendur veltu fyrir sér ýmsum flötum á sögunni, meðal annars hvort Egill Skallagímsson hafi verið skúrkur eða hetja.

ELDRI BORGARAR

Sparidagar á Hótel Örk 21.-26. febrúar

Ennþá eru örfá herbergi laus, skráning stendur yfir fram til 10. febrúar í síma 697-4115 Eyvindur og 5868014 kl. 13-16. Svanhildur.

Winnipeg í Manítabafylki

Nú hefur verið ákveðin dagsetning, verð og skipulag ferðar til Winnipeg. Lagt verður af stað 28. ágúst og komið heim 4. sept. Innifalið í verði kr. 166.800,- er flug, gisting í sjö nætur á sama hóteli m. morgunverði, allur akstur, þrjár dagsferðir, hádegismatur þrisvar og kvöldmatur tvisvar, aðgangur að þjóðgörðum og söfnum í skoðunarferðum og fararstjörn. Skráning, sem er hafin, er hjá Svanhildi á skrifstofu félagsstarfsins á Eirhömrum, kl. 13-16, einnig fast þar frekari uppl. um ferðina. Sími 5868014 og 6920814. Ath: áhugasömum er bent á að skrá sig sem fyrst.

Landnámssetur við Aðalstræti

Sýningin fjallar um landnám í Reykjavík og byggir á fornleifarannsóknum sem fram hafa farið í miðbæ Reykjavíkur. Þungamiðja sýningarinnar er skálarúst frá 10. öld, sem fannst á horni Aðalstrætis og Túngötu. Lagt verður af stað frá Eirhömrum kl. 13. Frá safninu verður farið á Icelandair hotel við Hlíðarfót í kaffihlaðborð. Verð: akstur og veitingar kr. 2.300,-. Skráning á skrifst. félagsstarfsins kl. 13-16, sími 5868014 og 6920814.



Bryndís Haralds 2. sæti

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins 6. febrúar

Kæru Mosfellingar

Um leið og ég þakka ómetanlegan stuðning í störfum mínum sem bæjarstjóri, óska ég eftir áframhaldandi umboði til að leiða framboðslista sjálfstæðismanna.

Ég hef mikinn metnað fyrir hönd bæjarins okkar, er fullur orku og áhuga fyrir því að sinna þessum verkefnum áfram af kostgæfni. Ég vil hvetja ykkur, kæru Mosfellingar, til að taka þátt í prófkjöri sjálfstæðismanna þann 6. febrúar þar sem 15 öflugir frambjóðendur gefa kost á sér.

Ég óska eftir stuðningi ykkar í 1. sæti listans.

Með góðri kveðju,

Haraldur Sverrisson



1.
sæti

NÁGRANNAVARSLA EYKUR ÖRYGGI

Nágrannavarsla hefur sannað sig sem einföld og áhrifarík leið til að fækka innbrotum, þjófnumum og skemmdarverkum. Sjóvá vill leggja sitt af mörkum til þess að auka öryggi og hefur í samstarfi við Forvarnahúsið útbúið handbók um nágrannavörslu sem er aðgengileg á sjova.is. Auk þess eru haldin námskeið um uppsetningu nágrannavörslu en frítt er á þau fyrir viðskiptavinum í Stofni.

SÆKTU HANDBÓK UM
NÁGRANNAVÖRSLU Á SJOVA.IS

SJÓVÁ



Söngur og gleði á herrakvöldi Lions

Herrakvöld Lionsklúbbs Mosfellsbæjar verður haldið í Hlégarði þann 12. febrúar. Þetta er árlegur viðburður sem enginn sem kynnst hefur lætur fram hjá sér fara. Herrakvöldið hefst kl 19 með frábæru fiskihlaðborði að hætti Vignis í Hlégarði. Ræðumaður kvöldsins verður enginn annar en Guðni Ágústsson fyrrverandi ráðherra og þingmaður. Söngur og gleði munu einnig kenna kvöldið en einnig verður happdrætti með stórglæsilegum vinningum. Hægt að tryggja sér miða hjá félögum í Lionsklúbbum.

Páll Haukur sýnir í Listasalnum

Páll Haukur Björnsson hefur opnað sýninguna, Grár er ekki ástand en takk fyrir afnotin af sófanum, í Listasalnum. Páll sýnir innsetningu myndaða úr skúlpúr, hljóðverki, myndbandsverkum og um 200 teikningum. Teikningarnar eru fjölbreytt yfirlit yfir vinnu síðustu tveggja ára. Skúlpúturinn er blanda af innsetningu með hljóði og myndbandsverkum. Sýningin stendur til 13. febrúar og er öllum opin.



100 daga hátíð hjá fyrstu bekkingum

Nú er seinni önnin hafin í grunnskólunum og 100 dagar eru liðnir frá því að skólinn var settur. Nemendur í fyrsta bekk Varmárskóla hafa talið dagana og æft að telja í einingum og tugum. Í vikunni náðu þau uppí 100 og þá var hátíð í bæ. Þeir bjuggu sér til kórónu og fengu að horfa á vídeó og hafa popp og snakk með.

Undirbúningshópurinn vinnur nú hörðum höndum að útbreiðslu kærleiks

Kærleiksvika haldin í fyrsta sinn 14. - 21. febrúar

Hópur kærleiksríkra einstaklinga úr bæjarfélaginu hvetur fólk til að taka þátt í sérstakri kærleiksviku sem fram fer 14.-21. febrúar.

Um er að ræða viku þar sem kærleikurinn verður ofar öllu í Mosfellsbæ. Hugmyndin er að sem flest félagsamtök, stofnanir, fyrirtæki, hópar og einstaklingar taki þátt í vikunni með sínum hætti.

Markmið vikunnar er að hver einasti bæjarbúi finni fyrir kærleik í sinn garð og gefi af sér. Þetta gæti falist í hrósi, faðmlagi, brosi, fallegum skilaboðum eða einhverju öðru uppbyggilegu og skemmtilegu.

Dagskráin farin að taka á sig mynd

Verkefnið er sjálfsprottið og er ekki tengt neinum ákveðnum félagsskap, stofnun eða fyrirtæki. Ætlast er til þess að þeir sem koma með hugmynd að viðburðum eða verkefnum sjái einnig um framkvæmd þeirra og undirbúningshópurinn er tilbúinn til að aðstoða ef þörf er á.

Hópurinn vill gjarna halda utan um það sem verður í boði í vikunni og biður því um að fá upplýsingar um slíkt sendar á netfangið kaerleiksvikamos@gmail.com. Dagskrá vikunnar verður svo kynnt á kaerleikur.blog.is og www.mos.is.

Heimsmet í hópknúsi á Miðbæjartorginu

Fyrsti dagur kærleiksvikunnar er sunnudagurinn 14. febrúar (Valentínusardagur) og verður þá staðið fyrir hópknúsi, sem vonandi verður fært í heimsmetabók GUINNESS.

Bæjarbúar verða hvattir til að fara í brosgöngu að miðbæjartorginu þennan sunnudag þar sem Mosfellingar munu knúast og setja heimsmet í hópknúsi. Í kjölfarið verður svo stutt skemmtidagskrá inni í Kjarna sem auglýst verður þegar nær dregur.



Kærleikur þarf ekki að kosta neitt en getur glatt verulega.



Lífsgæði • Velferð • Samkennd



Kolbrún

3. sæti

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ 6. febrúar

Ég legg áherslu á aukin lífsgæði, að fjölskyldan verði í fyrirrúmi, hér verði fjölbreytt atvinnulíf og að staðinn verði vörður um velferð Mosfellinga allra.

Ég vil stuðla að því að hér blómstri heilbrigt og auðugt mannlíf samheldinna íbúa og lífsgæði Mosfellinga verði eftirsóknarverð.

Ég hvet þig til að kynna þér áherslumál mín nánar. kolbrung.bloggari.is • facebook.com/kolbrun.thorsteinsdottir



Opnar handverks vinnustofur \\\ verkstæði

Hraunhús leigir út rúmgóðar vinnuaðstöður fyrir handverksfólk.

Völuteigur 6 - 270 Mosfellsbæ

hraunhus@hraunhus.is

www.hraunhus.is

555-6054 / 842-0402



Opnar vinnustofur hönnuða & hugmyndasmiða.

Sprotahús býður vinnuaðstöður fyrir alla sem vilja koma hugmyndum í verk. Hið frábæra Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar vinnur með öllum frumkvöðlum með góðar hugmyndir.





Keli, Siggi og Ingimundur fara yfir leikkerfi.



Unnsteinn og Stefanía. Bob Gillan og Ztrandverðirnir starta ballinu með stæl.



Erla, Viktor og Einar við komuna að Varmá.



Póra, Jónas og Eygló við fánann góða.



Úlli og Dána blóta í íþróttahúsinu.



Skvísurnar á ballinu, Elísabet og Elín.



X-B + X-D = Helga og Örn.

Þorablót Aftureldingar var haldið með pompi og prakt þann 23. janúar **Vel heppnað blót að Varmá**



María, Eva Hrönn og Anna í rosa stuði á árlegu Þorablóti Aftureldingar.



Ásgeir „fokking“ Sveinsson, afmælisdrengur kvöldsins tekur við árnaðaróskum.



Gunna Stína blakdrottning flytur minni karla með tilþrifum.



Feðginin Engelhart Svendsen og Eva Ósk.



Tengdamæðgurnar Birna og Herdís.



Lalli ljóshraði flytur minni kvenna.



Alsælir veislugestir enda frábært kvöld.



Kalli Tomm og Teddi alveg vinstri hægri.



Siggi „kroppur“ Borgar og Strákarnir.



Boltasysturnar Kolla og Tedda.



Bræðrakærleikur hjá Rabba og Bigga.




Ísfuglshjónin Logi Jónsson og Helga Lára.



Villi, Öddi og Bryndís í hópknúsi.



Kolbrún Þorsteinsdóttir formaður barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar þakkar fólkinu sem gerði Þorrablot Aftureldingar að veruleika fyrir vel unnin störf.



Hreiðar og Elísabet að ná nýjum hæðum.



Steini Þjálfari og Agnes södd og sæl.



Gulla og Kolbeinn skemmtu sér vel.



Drauma tengdasonur Mosfellsbæjar.



Brekkuhjónin Gunnar og Gulla.




Þjálfararnir John og Villi í kókinu.



Veislugestir ánægðir með kræsingarnar frá Vigni í Hlégarði sem fyrir.



Verðdæmi:
ýsa m/r 1190 kr.
ýsa r/bl 1390 kr.



Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís) Sími: 578-6699

Opnunartími:
Mánudaga: 10-19
Þri-fös: 11:30-19

Verslum í
heimabyggð



OPIÐ TIL KL. 19 ALLA VIRKA DAGA

Björg gefur kost á sér í 2.-3. sæti

Björg Reehaug Jensdóttir gefur kost á sér í 2.-3. sæti í prófkjöri Framsóknarmanna sem fram fer 27. febrúar. Björg



er með diplóma í viðskiptafræði og leggur stund á uppeldis- og menntunarfræði. Hún er í stjórn Framsóknarfélags Mosfellsbæjar og situr í miðstjórn flokksins fyrir Suðvesturkjördæmi. Björg hefur starfað í 14 ár við endurskoðun og bókhald, þar hefur hún öðlaðist reynslu sem mun nýtast henni í þeim vandasömu verkum sem framundan eru.

Kolbrún gefur kost á sér í þriðja sæti

Kolbrún Guðný Þorsteinsdóttir, lýðheilsufræðingur og kennari, sækist eftir 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins þann 6. febrúar.



Kolbrún hefur starfað ötullega að félagsmálum í Mosfellsbæ og er formaður barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Aftureldingar. Hún er gift Sigurði Andræssyni byggingameistara og eiga þau þrjá syni, Þorstein Má 20 ára, Andrés Leó 13 ára og Snorra Þór fjögurra ára. Áherslur Kolbrúnar eru lífsgæði, fjölskyldan, atvinnuömguleikar og velferð undir slagorðinu Samfélagið er samábyrgt.



Þorranum fagnað í þriðja bekk

Nemendur í 3. bekk fögnuðu komu þorra á bóndadaginn. Þau komu með þorramat í skólann og við skelltum upp þorrabloti fyrir alla krakkana í árgangnum. Þau voru ótrúlega dugleg að smakka og mikil stemning skapaðist hjá krökkunum.



Biskup Íslands og Félag héraðsskjalavaraða standa fyrir sameiginlegu átaki

Söfnun skjala sóknarnefnda

Biskup Íslands og Félag héraðsskjalavaraða á Íslandi standa fyrir sameiginlegu átaki í söfnun og varðveislu skjalasafna sóknarnefnda í landinu.

Sóknarnefndir hafa haft mikil áhrif á menningar- og trúarlíf landsmanna í gegnum tíðina. Í gögnum sóknarnefnda leynast því mörg merkileg söguleg gögn sem er mikilvægt að varðveita fyrir komandi kynslóðir.

Misjafnt getur verið hvers konar gögn einstakar sóknarnefndir varðveita. Allar hafa nefndirnar þó haldið fundargerðabækur og gert ársreikninga. Þá gætu verið í fórum nefndanna margvísleg gögn sem tengjast kirkjubyggingum, kirkjukörum og kirkjugörðum, svo dæmi séu nefnd.

Skráning og frágangur að kostnaðarlausu

Héraðsskjalasöfnin munu sjá um að skrá og ganga frá skjölum sóknarnefndanna þeim að kostnaðarlausu. Þeir einstaklingar sem hafa í fórum sínum skjöl sem varða starfsemi sóknarnefnda eru einnig hvattir til að skila þeim til síns héraðsskjalasafns. Best er að fá skjölin í sem upprunalegasta ástandi, þ.e. óflokkuð.

Héraðsskjalasöfn landsins eru alls 20 talsins og varðveita þau skjöl stofnana og fyrirtækja þeirra sveitarfél-



Lágafell í Mosfellsveit séð frá suðri til norðurs. F.v. fjós og önnur gripahús, íbúðarhús og þinghús hreppsins, kirkjugarður og kirkjan. Myndin er frá Lárusi Halldórssyni og er tekin fyrir stríð.

laga sem undir þau heyra. Þau hafa einnig eftirlit með skjalastjórn afhendingarskyldra aðila og veita þeim ráðgjöf. Héraðsskjalasöfnin taka einnig til varðveislu skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja á safnsvæðinu en þau skjöl veita okkur ómetanlega mynd af sögu og mannlífi viðkomandi byggðarlags. Nánar má fræðast um starfsemi og starfssvæði héraðsskjalasafna á Íslandi á heimasíðunni www.heradsskjalasafn.is.

Landsmót samtaka íslenskra skólalúðrasveita haldið 12.-14. febrúar

Blásið til landsmóts í Mosfellsbæ



Skólahljómsveit Mosfellsbæjar blæs til landsmóts SÍSL (Samtök íslenskra skólalúðrasveita) hér í Mosfellsbæ dagana 12.-14. febrúar. Þátttakendur verða á bilinu 300-400 ára aldrinum 12-20 ára, sem munu spila saman frá föstudagskvöldi til sunnudags.

Þátttakendum er skipt niður í þrjár u.þ.b. 100 manna hljómsveitir. Hver hljómsveit æfir sína efnisskrá og munu þeir Rúnar Óskarsson, Guðni Franzson og Tryggvi M. Baldvinsson stjórna hópunum. Slagverksnemendur æfa saman svokallað „Showcase“ sem sýnt verður á lokatónleikunum á sunnudeginum. Foreldrafélag Skólahljómsveitarinnar sér um framkvæmd mótsins ásamt stjórnendum og kennurum Skó Mos.

Afrakstur helgarinnar verður síðan sýndur í Íþróttahúsinu að Varmá kl. 13. sunnudaginn 14. febrúar og eru Mosfellingar hvattir til að mæta.

Kæri Mosfellingur

Það er mikil áskorun að takast á við verkefni bæjarins sem framundan eru og bið ég um stuðning ykkar til að fá tækifæri til að vinna af krafti að hag okkar allra og skapa með því betra samfélag. Samfélag sem styður ríkulega við íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf, samfélag sem stendur vörð um þjónustu við eldri borgara.



Hreiðar Örn Zoëga **3. sæti**

Prófkjör sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ 6. febrúar 2010

Herdís Sigurjónsdóttir

Heiðarleiki,
reynsla og
dugnaður



Prófkjör sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ 6. febrúar

Herdís í 2. sæti

herdis.blog.is



*Sá flottasti
í bænum*

Ökukennsla
Gylfa Guðjónssonar
Sími: 696 0042

BÍLAR VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

Dodge DAKOTA ST 4X2

Nýr bíll, sjálfsk, til í
nokkrum litum og tveimur
stærðum, Geislaspilari,
Tengi fyrir MP3/iPOD,
Loftkæling, Verð frá aðeins
1999 þús. kr án VSK.



ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTÍ 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS

Jeep Liberty 4x4

33", árg. 2004, ek. 92þús.
km, sjálfsk, 33" breyttur,
cd, rafmagn, krókur,
loftkæling, ofl., Vel með
farinn bíll í góðum standi!!
Ásett verð 1590 þús. kr.



100 BÍLAR | ÞVERHOLTÍ 6 | SÍMI 517 9999 | 100BILAR@100BILAR.IS



LAVAZZA
ITALY'S FAVOURITE COFFEE

Kaffidrukkinn ís
(gelato affogato al caffè)

1 espressobolli af
nýlögðu Lavazza
Qualità Rossa kaffi
3 vanilluískúlur
2 fingurkex (ladyfingers)

Brjótið fingurkex í tvennt og
komið fyrir í desertglasi,
ískúlur þar ofan á og kældu
kaffinu hellt yfir. Et voilà!

Hversdagslegri útgáfa:

Ískúlum komið fyrir í víðum bolla
og kældu kaffinu hellt yfir.

Íris Hólm er ung og efnileg söngkona sem tekur þátt í undankeppni Eurovision í ár. Hún er komin í úrslit og syngur lagið The One í Söngvakeppni Sjóðvarpsins sem fer fram á morgun 6. febrúar.

Tónlistin er besta lækningin

Punglyndi er alvarlegur sjúkdómur sem getur lagst á alla. Oft gerir fólk sér litla grein fyrir eðli sjúkdómsins og þar gætir oft misskilnings. Punglyndi hefur margvísleg einkenni, sem öll hafa í för með sér að draga úr lífsgleði, hægja á hugsunum og atferli. Allt þetta dregur úr þreki einstaklingsins til að sinna daglegum skyldum og rækta fjölskyldu og vini. Íris Hólm er ein af þeim sem hefur glímt við þennan sjúkdóm í mörg ár, hún segir að á meðan hún geti sungið af öllu hjarta þá muni hún horfa björtum augum á lífið.

„Mér hefur alltaf fundist mjög vænt um að hafa alist upp í Mosfellsbæ. Ég ólst upp í Teigahverfinu í húsi sem er alveg upp við gilið. Þar man ég eftir að hafa farið í indjána-leiki og í hjólatorfærur í drullunni.

Ég gekk í Varmárskóla og tók þátt í minni fyrstu söngvakeppni þar þegar ég var í sjötta bekk. Ég man að ég var hrikalega feimin og grét mikið áður en ég fór upp á svið. Það var síðan fyrir tilstilli starfsmanns skólans hennar Bjarneyjar Einarsdóttur (Böddu) að ég fór upp því hún studdi mig og hleypti í mig kjarki. Ég stóð uppi sem sigurvegari og ætli ég hafi ekki uppgötvað það þarna að ég vil syngja það sem eftir er,” segir Íris brosandí er hún hugsar til baka.

Spilar á saxófón

„Ég spilaði á saxófón í mörg ár í Skólahljóm-sveit Mosfellsbæjar. Ég fékk líka tækifæri til að syngja, Birgir D. Sveinsson hafði alltaf trú á mér og ég verð honum ævinlega þakklát fyrir það.

Í áttunda bekk, eða árið 2003, tók ég þátt í Samfés fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar Bólsins ásamt Arnari Pétri Stefánssyni vini mínum. Við sömdum lag tveimur kvöldum fyrir keppnina og ákváðum að slá til. Við fengum verðlaun fyrir besta frumsamda lagið. Ég keppti síðan aftur í Samfés árið 2005 og hafnaði í 2. sæti.”

Íris er fædd í Reykjavík 2. júní 1989. Foreldrar hennar eru þau Ingibjörg Hólm Einarisdóttir heimilis-



Ingvar, Íris, Þórir, Jón, Ingibjörg og Sóley.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

fræðikennari og Jón Guðmundur Jónsson prentsmiður. Systkini hennar eru þau Þórir Hólm fæddur 1993 og Sóley Hólm fædd 2001. Sambylísmadur Írisar er Ingvar Alfreðsson tæknimaður hjá RÚV auk þess að starfa sem hljómborðsleikari í hljómsveitinni Bermuda.

Lærði nýja tækni í X-factor

„Ég hef ekki fundið mig í menntaskóla en fór hinsvegar í Tónlistarskóla FÍH og var þar í tvö ár. Besti skólinn finnst mér samt vera X-factor reynslan sem ég tók þátt í árið 2006. Þar var Páll Óskar Hjalmtýsson lærimeistari okkar og með honum í liði voru Hera Björk söngkona og Árni Pétur leikari. Þarna lærði maður algjörlega nýja tækni, bæði í söng og framkomu. Ég og vinkona mín Guðný Pála lentum í fjórða sæti og skipuðum dúettinn GÍS.”

Ráðin á staðnum

„Eftir X-factor buðust mér ýmis verkefni. En það sem stendur upp úr er símtalið sem ég fékk þegar mér var boðin söngkonustaða í hljómsveitinni Bermuda. Mosfellingur-



inn Gunnar Reynir Þorsteinsson hringdi í mig og bauð mér að koma í prufu. Ég fékk lagalista í hendurnar og vann heimavinnuna mína. Prufan sem ég mætti í breyttist snarlega í æfingu og ég var ráðin á staðnum. Ég hafði verið dugleg að setja inn video á youtube.com og þeir fundu mig þar.”

Söng lag með Haffa Haff

„Ég fékk boð um að gera lag með Haffa Haff og ákvað að taka þátt í

því. Haffi þekkir textasmið sem býr á Möltu sem samdi texta við lagið hans Give Me Sexy. Hann bauð honum að koma til Möltu til að flytja lagið í beinni útsendingu á kosningu ungru Möltu. Ég fékk síðan símtal og þar var ég spurð „Langar þig til Möltu í júlí?“. Ég vissi ekki hvert ég ætlaði ég varð svo glöð. Við vorum úti í fjóra daga, sungum í beinni útsendingu og fórum í sjónvarpsviðtal. Þetta var ótrúlegt ævintýri og þessi eyja er algjör paradís.”

Glímur við punglyndi

„Þegar ég er að byrja að syngja sem mest, eða í kringum sjötta bekk fór heilsu minni að hraka. Ég hætti að hafa áhuga á skólanum og félagslífi og dró mig töluvert út úr því. Þegar ég varð sextán ára var ég greind með alvarlegt punglyndi. Það tók við langt afneitunartímabil en sem betur fer lærði ég að það þýðir ekki að leyna þessu. Ég leitaði mér hjálpar og þetta snýst um að halda sér við efnid og hafa réttan stuðning.

Þetta mun taka tíma en fyrir mér er tónlistin besta lækningin. Svo lengi sem ég held í hana og syng af öllu hjarta, mun ég alltaf geta brosað og horft björtum augum á lífið. Ég tel mig einstaklega heppna. Ég á yndislega fjölskyldu sem hefur kennt mér að maður getur gert allt sem maður vill. Kærastinn minn hefur ótrúlega þolinmæði, og mér finnst ég einstaklega heppin að hafa fundið hann.”

Einn í heiminum

„Ég stefni á í náinni framtíð að stofna samtök fyrir fólk sem glímur við punglyndi. Fólk þarf að geta talað saman um sjúkdóminn. Þetta er ástand sem er rosalega erfitt að koma sér úr, og ástæðan er meðal annars sú að manni líður eins og maður sé einn í heiminum.

Það er samt ekkert skammarlegt við þunglyndi og ég er rosalega glöð að sjá hvað þjóðfélagið er orðið opið fyrir lækningum og úrræðum.

Nýtur forréttinda

„Ég nýt þeirra forréttinda að fá að vinna við það sem ég elska, tónlistina. Ég sem mikið af textum og finnst það hjálpa til. Ég er að syngja lag í Söngvakeppni Sjóðvarpsins nú í ár. Lagið heitir The One og er eftir Birgi Jóhann Birgisson. Ég komst úr undankeppninni og keppti í úrslitum á morgun. Þetta er allt voðalega spennandi og það er draumi líkast að vera komin áfram. Það myndi gleðja mig mjög að finna fyrir stuðningi Mosfellinga.”

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.

Kærleiksvika í Mosfellsbæ

Þrós 14-21. febrúar 2010

Faðm

Kærleikur

Hrós

**Falleg
skilaboð**

**Taktu þátt í
að slá
HEIMSMET
í hópknúsi**

**Vertu vinur
kærleiksvikunnar
á facebook!!**

**Markmið vikunnar er að hver einasti bæjarbúi finni
fyrir kærleik í sinn garð og gefi af sér kærleik.**

Nánari upplýsingar um dagskrá þegar nær dregur: www.kaerleikur.blog.is

www.alafoss.is



Með kærleikskveðju,

ÁLAFOSS

Hljá í meira en öld!

ÁLAFOSSVEGUR 23, MOSFELLSBÆR - SÍMI: 566 6303
OPIÐ MÁNUÐ. - FÖSTUD.: 9:00 - 18:00 OG LAUGARD.: 9:00 - 16:00

Frambjóðendur í prófkjöri
Sjálfstæðisflokksins
Ljósmynd: www.myndo.is

Örn Jónasson,
verkefnastjóri
gefur kost á sér í 2-4. sæti

Elías Pétursson,
framkvæmdastjóri Jarðmótunar ehf.
gefur kost á sér í 3. sæti

Pórhallur G. Kristvinsson,
sölufulltrúi,
gefur kost á sér í 5.-7. sæti

Júlía Margrét Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri
gefur kost á sér í 5-7. sæti

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson,
framkvæmdastjóri Lágafellssóknar,
gefur kost á sér í 3. sæti

Eva Magnúsdóttir,
forstöðumaður sölu- og markaðsmála
gefur kost á sér í 2.-4. sæti

Kolbrún Guðný Þorsteinsdóttir,
kennari
gefur kost á sér í 3. sæti



Atkvæðaseðill

í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ
6. febrúar 2010

Bryndís Haraldsdóttir	atvinnurekandi
Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson	framkv. stj. Lágafellssóknar
Pórhallur Kristvinsson	sölufulltrúi
Theódór Kristjánsson	aðstoðaryfirlögregluþjónn
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir	kennari
Rúnar Bragi Guðlaugsson	innkaupastjóri
Júlía M. Jónsdóttir	framkvæmdastjóri
Haraldur Haraldsson	fyrirv. framkvæmdastjóri
Hjörtur Methúsalemsson	nemi
Herdís Sigurjónsdóttir	bæjarfr. / umhverfis- og auðlindafr.
Örn Jónasson	viðskiptafræðingur
Eva Magnúsdóttir	forstöðumaður
Hafsteinn Pálsson	bæjarfulltrúi / verkfræðingur
Elías Pétursson	framkvæmdastjóri
Haraldur Sverrisson	bæjarstjóri

ATHUGIÐ. Kjósa skal 7 frambjóðendur, hvorki fleiri né færri. Kosið skal með því að setja tölustafina 1 - 7 fyrir framan nöfn frambjóðenda. Þannig skal talan 1 sett fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem óskað er að hljóti 1. sætið í prófkjörinu, talan 2 fyrir framan nafn þess sem maður vill að hljóti 2. sætið í prófkjörinu og þannig 3 fyrir framan nafn þess sem maður vill að hljóti 3. sætið í prófkjörinu og þannig kalli af koll þar til kosnir hafa verið 7 frambjóðendur.

Kjósið 7 frambjóðendur í töluröð

Prófkjörsreglur

Sérstaklega skal bent á eftirfarandi:

Hve marga má kjósa?

Velja skal 7 frambjóðendur og raða þeim í sæti 1-7, hvoki fleiri né færri.

Hverjir mega kjósa í prófkjörinu

Allir fullgildir meðlimir Sjálfstæðisfélaganna í Mosfellsbæ, sem hér eru búsettir og náð hafa 15 ára aldri. Hægt er að undirrita inngöngu-beiðni í sjálfstæðisflokkinn á kjörstað.

Ef útlendingar eða fólk á aldrinum 15-18 ára eru ekki flokksbundnir þurfa þeir að ganga í Sjálfstæðisflokkinn fyrir kl. 17:00 þann

5. febrúar. (Fólk sem verður 18 ára fyrir 29. maí n.k getur skráð sig í flokkinn á kjördag)

Athugið að útlendingar þurfa að sýna vegabréf við kosningu.

Sjá nánar reglur um prófkjör á www.xd.is

Herdís Sigurjónsdóttir,
umhverfis og auðlindafræðingur
gefur kost á sér í 2. sæti

Rúnar Bragi Guðlaugsson,
innkaupastjóri
gefur kost á sér í 4. sæti

Haraldur Sverrisson,
bæjarstjóri
gefur kost á sér í 1. sæti

Hafsteinn Pálsson,
sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu
gefur kost á sér í 2-3. sæti

Haraldur Haraldsson,
f.v. forstjóri
gefur kost á sér í 4. sæti

Bryndís Haraldsdóttir,
atvinnurekandi,
gefur kost á sér í 2. sæti

Hjörtur Methússalemsson,
nemi
gefur kost á sér í 6. sæti

Theódór Kristjánsson,
aðstoðaryfirlögregluþjónn,
gefur kost á sér í 5. sæti



Prófkjör sjálfstæðismanna

Prófkjör sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 29. maí n.k. fer fram laugardaginn 6. febrúar.

**Kosið verður í Lágafellsskóla
og opnar kjörstaður kl. 10:00.
Kosningu lýkur kl. 19:00**

Mosfellingar mætum og veljum
væntanlega bæjarfulltrúa á lista.



Sjálfstæðisfélag Mosfellinga

Silfursmíði í Hraunhúsum

Hraunhús í Völuteigi hefur nú opnað vinnustofur fyrir hönnuði og handverksfólk. Meðal þeirra sem þar iðka iðju sína er Jens Kristinsson. Hann starfaði til margra ára sem vélstjóri en hefur nú snúið sér að silfursmíði með góðum árangri. Upphaflega var smíðin aðeins áhugamál, en eftir að hann varð atvinnulaus hefur hún átt hug hans allan.

Fyrir tveimur árum stóð til að gefa tengdasyninum veiðistöng úr silfri en náðist þó ekki í tæka tíð. Hugmyndin blundaði hinsvegar í honum og fyrst um sinn var vinnustofan heima hjá honum í geymslunni. Eftir að hafa komist á snoðir um aðgengi að vinnustofu í Hraunhúsum hefur hann unnið þar hörðum höndum síðustu tvo mánuði.

Atvinnuleysi kveikti áhugann

„Ég var búinn að vera atvinnulaus í rúm ár og sá að það þýddi ekki að sitja heima auðum höndum, þannig að ég dreif mig með dótið sem var búið að vera í geymslunni“.

Jens segir að nauðsynlegt sé að komast út á meðal fólks. „Að geta komið hingað og mætt í vinnu, verið með öðrum og spáð og spekúlerað munar miklu. Ég fékk þessa finu aðstöðu og hef fengið mikinn stuðning frá starsfókinu hér í Hraunhúsum og Elínu Reynis sem er algjör kjarnorkukona“, segir Jens.

Elín Reynisdóttir rekur Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar undir sama þaki. Jens sér fyrir sér að halda smíðinni áfram og vonar að hún muni gefa einhverjar tekjur.



Hálsmen hönnuð af JK Handverk.



Veiðistöng úr silfri sem Jens hefur nú tekið að framleiða.

Handverk til sölu á staðnum

Auk veiðistanganna er Jens að smíða ýmsar gjafavörur eins og hringa og krossa sem hann selur í versluninni í Hraunhúsum. Hann telur mikilvægt að hlutirnir séu ekki einungis skraut uppi í hillu heldur



Jens við iðju sína í Hraunhúsum.

geti fók leikið sér og dundað með þá ef svo ber undir. „Fólki er velkomið að kíkja við á vinnustofunni, spjalla og sjá hvað er í boði“, segir Jens

Hraunhús í stöðugri sókn

Í Hraunhúsum fer ýmis önnur

starfsemi fram og er hugmyndin sú að öll tvinnist hún saman. Þar er rekið kaffihús og verslun þar sem fólk hefur möguleika á að selja hönnun sína. Einnig er hægt að leigja vinnu- aðstöðu fyrir handverksfólk eða alla þá sem vilja koma hugmyndum í verk í góðum félagsskap.

Nú standa yfir breytingar og verður opnað á milli allra rýmanna þannig að fólk geti rölt á milli og skoðað starfsemina. Á næstunni verður svo opnaður glæsilegur veislusalur þar sem halda má margskonar viðburði. Það er því mikil gróska í Völuteignum um þessar mundir.

FEBRÚAR TILBOÐ

Litun og plokkun fylgir frítt með öllum keyptum andlitsböðum í febrúar

Steinanudd (heitir og kaldir steinar)
75 mín á 6000 kr ***NÝTT NÝTT***

Leyfðu okkur að dekra við þig
og þína í dagsins önn -
Langir fimmtudagar opið til 20.00

Minum á
nýja og bætta
heimasíðu
likamiogsál.is



Snyrti-, nudd-, og fóttaðgerðastofan

Líkami og sál

Sími 5666307 - Þverholti 11



*Vörur okkar
fást í Álafossbúðinni
Mosfellsbæ*

AS
DESIGN

AS Design - Asdesign.is - asdesign@asdesign.is - s: 618-9293

Mosfellsbær - sjálfbært samfélag

Mosfellsbær býður til íbúðings um sjálfbæra þróun í Mosfellsbæ. Íbúðingindið er haldið í Lágafellsskóla, þriðjudaginn 9. febrúar kl. 20-22.

Þingið er haldið í tengslum við vinnu bæjaryfirvalda við endurskoðun Staðardagskrár 21 í Mosfellsbæ og þeirrar framsetningar aðgerðaráætlunar sem nú stendur yfir og bæjaryfirvöld munu horfa til fyrir næstu árin. Tilgangurinn er að leita eftir skoðunum og hugmyndum íbúa varðandi sjálfbæra þróun sveitarfélagsins, og hafa þær til hliðsjónar við endurskoðunina.

Dagskrá:

- 20:00 Inngangur og kynning
- 20:10 Mat þátttakenda á mikilvægustu þáttum sjálfbærrar þróunar í Mosfellsbæ
- 21:00 HópaVinna
- 21:45 Samantekt

Verkefnisstjórn Staðardagskrár 21
Umhverfissvið Mosfellsbæjar



MOSFELLSBÆR


KONUR Í MOSFELLSBÆ KONUKVÖLD

Fyrsti hittingurinn hjá konum í Mosfellsbæ. Þann 13. feb í Hraunhúsi Völuteig 6

HÚSIÐ OPNAR KL. 21.00
FORDRYKKUR
DÚNDUR DISCO MEÐ DJ FOX
ÞEMA KVÖLDSINS..BLING BLING
VERÐLAUN FYRIR FLOTTASTA BLINGIÐ

HAPPADRÆTTI
GLÆSILEGIR VINNINGAR
ALLUR ÁGÓÐI RENNUR TIL
KVENFÉLAGS LAGAFELLSSÓKNAR
SEM FAGNAR 100 ÁRA AFMÆLI SÍNU.

Húsið opnar fyrir karlana kl 24.00 (Valentínusardagur)
Miðaverð 2000kr.....Aldurstakmark 20 ára.





Reiðhöllin komin í fulla notkun

Lyklar að höllinni fást hjá Gumma, sími 858-6421 og kosta 4000.- kr. fyrir fullorðna og 2000.- kr. fyrir unglinga undir 22 ára aldri.

Áramótareið

Hin árlega áramótareið var farin í Varmadal þann 31. des. Þar var tekið á móti okkur af miklum rausnarskap að vanda.

Þorablót Harðar endurvakið

Haldið var þorablót í Harðar-bóli, en félagið hefur ekki haldið þorablót í mörg ár. Blótið fluttust fyrir nokkrum árum í kaffistofur hesthúsanna þar sem fólk skemmti sér í minni hópum, en í ár ákváðum við að sjá hvort ekki væri stemning fyrir því að sameina þetta í eina stóra samkomu í Harðarbóli. Það heppnaðist prýðilega, fullt hús af fólki og sungið og dansað fram á kvöld.



Fyrsta mótið haldið í nýju reiðhöllinni

Grímutölt Harðar var haldið í reiðhöllinni laugardaginn 30. janúar og tókst það með ágætum. Þátttaka hefði mátt vera meiri, en allir skemmtu sér vel og voru veittar viðurkenningar fyrir frumlegasta búninginn auk hefðbundinna verðlauna.

DAGSKRÁ HARÐAR 2010

Dagskráin verður þétt í vetur eins og sjá má. Ekki er búið að ákveða nákvæmar dagsetningar fyrir nokkra atburði, en þær verða auglýstar síðar. Fjölmörg námskeið verða haldin, bæði fyrir börn og fullorðna og verða þau auglýst sérstaklega. Nánari upplýsingar gefur fræðslunefnd félagsins.

30. janúar
Grímutölt - æskulýðsnefnd

13. febrúar
Sýnikennsla Sigurbjörn Bárðarson fyrirlestur - fræðslunefnd

26. febrúar
Bikarmót hestamannafélaga höfuðborgarsvæðisins
27. febrúar
Árshátíðarmót. (1. vetrarmót) - mótanefnd

5. mars
Karla tölt opið mót - mótanefnd

6. mars
Kynbótaferð - kynbótanefnd

13. mars
Activ stable - Petra Mazetti fyrirlestur - fræðslunefnd

13.-14. mars
Æskan og Hesturinn, reiðhöllin í Víðidal - æskulýðsnefnd

20. mars
2. Vetrarmót. - Mótanefnd

27. mars
Páskaratleikur - æskulýðsnefnd

??. mars
Gunnunesfjörur - kvennadeild

??. mars
Sýnikennsla Halldór Guðjónsson - fræðslunefnd

??. apríl
Tiltektardagur - umhverfisnefnd

1. apríl
Kvennatölt Harðar opið mót - mótanefnd

10. apríl
3. Vetrarmót - mótanefnd

17. apríl
Fáksreið - ferðanefnd

24. apríl
Fjölskyldureiðtúr - æskulýðsnefnd

??. apríl
Óvissuferð - ferðanefnd

??. apríl
Notkun hlífa og stanga við keppni - Súsanna Ólafsd. fyrirlestur - fræðslunefnd
??. apríl
Kynning á reiðleiðum í Mosfellsbæ, fyrirlestur - fræðslunefnd

1. maí
Fákur og Gustur ríða til Harðar - ferðanefnd og kvennadeild

1. maí
Firmakeppni Harðar - mótanefnd

8. maí
Fjárnorgarreið - ferðanefnd

9. maí
Kirkjureið - ferðanefnd og aðalsjórn

??. maí
Harðarkonur keyra hesta til Gusts og ríða út - kvennadeild

14-16 maí
Opna íþróttamót Harðar - mótanefnd

29. maí
Náttúrureið - ferðanefnd

1.-2. júní
Fyrri umferð fyrir úrtöku fyrir landsmót LH - mótanefnd

4.-6. júní
Gæðingakeppni Harðar og seinni umferð úrtöku fyrir Landsmót LH - mótanefnd

16.-18. júní
Sumarsmellur Harðar opið íþróttamót í fullorðinsflokki - mótanefnd

18.-20. júní
Jónsmessureið - ferðanefnd

?? júní
Kvennareið á Kjalarnes til Völlu - kvennadeild

Afreksmenn Harðar heiðraðir af Mosfellsbæ

Reynir Örn Pálmason og Linda Rún Pétursdóttir voru tilnefnd sem íþróttamaður og íþróttakona Mosfellsbæjar fyrir hönd Harðar. Linda Rún var valin íþróttakona Mosfellsbæjar og þrýðir einmitt forsiðu Mosfellings að þessu sinni. Linda Rún vann það frábæra afrek að verða heimsmeistari í tölti ungmenna í heimsleikum íslenska hestsins í Sviss og var valin í úrvalshóp ungmenna LH 2009 sem og efnilegasti knapi landsins í sínum aldurshóp. Einnig keppti hún fyrir Íslandshönd á Norðurlandamóti í Svíþjóð og lenti í 4. sæti í fjörgangi.

Í umsögn formanns Hestamannafélagsins um Lindu sagði meðal annars: „Linda er frábær íþróttamaður sem hefur keppt fyrir Hörð frá barnsaldri og verið í forystu síns flokks frá upphafi. Hún er félagslynd og hefur verið í fremstu línu á flestum þeim hestasýningum sem æskulýðsdeild Harðar hefur tekið þátt í, svo sem hinn árlegi viðburður í reiðhöllinni í Víðidal „Æskan og hesturinn“. Hún er afreksmaður í hestaíþróttum og frábær fyrirmynd annarra hestamanna.“

Hestamannafélagið Hörður tilnefndi í 5. sinn, Arnar Loga Lúthersson efnilegasta knapann og fékk hann viðurkenningu á hátíðinni sem og Harpa Sif Bjarnadóttir sem valin var efnilegust 16 ára og yngri.

Hestamannafélagið Hörður óskar Lindu Rún, Reyni Erni, Arnari Loga og Hörpu Sif innilega til hamingju með árangurinn. Þið eruð stolt okkar Harðarfélaga.

Hinn stórsnjalli hestamaður og reiðkennari Sigurbjörn Bárðarson verður með sýnikennslu í nýrri reiðhöll Harðar laugardaginn 13. febrúar næstkomandi kl. 16. Aðgangseyrir er 1000 krónur fyrir Harðarfélaga og 1500 krónur fyrir aðra. Allir velkomnir!

Fræðslunefnd Harðar.

60 ára afmælisárshátíð hestamannafélagsins Harðar!

Nú er komið að því kærnu félagsmenn! Það er kominn tími til að við sameinumst sem aldrei fyrr og gleðjumst yfir glæsilegri sögu félagsins, nýju flottu reiðhöllinni okkar og komandi ævintýrum!

Veislan verður haldin þann 27. febrúar í spánýjum og virðulegum veislusal Mosfellinga í Hraunhúsum (gamla Atlantahúsið - Ístex).

Matur, skemmtiatriði og veislustjórn er í höndum hæfileikaríkra Harðarmanna sem lofa léttari og fjölbreyttri dagskrá að hætti hamingjusamra hestamanna!



Nánari upplýsingar á www.hordur.is og hjá Sigga í síma 869-6078

Ragna Björg Ingólfssdóttir er nýr þjálfari badmintondeildar Aftureldingar og í dag æfa um 70 krakkar

Badmintonið í sókn í Mosfellsbæ

Badmintonið hefur verið í mikilli sókn í vetur. Í haust voru ráðnir tveir nýir þjálfarar. Annar þeirra er Ragna Björg Ingólfssdóttir margfaldur Íslandsmeistari og Ólympíufari en hinn er Halldóra Jóhannsdóttir, en þess má til gamans geta að Halldóra er dóttir Jóhanns Kjartanssonar sem þjálfaði hjá Aftureldingu við góðan orðstír um árabíl.

Einnig þjálfar Dipu Gosh hjá deildinni eins og síðast liðið ár. Mosfellingur ákvað að heyra hljóðið í Rögnu og fræðast aðeins um badmintonið í leiðinni.

Hvað kom til að þú fórst að þjálfra hjá Aftureldingu? „Ég hef mjög gaman að því að þjálfra og vinna með börnum og ungmennum og badmintonið hefur verið mínar ær og kýr í mörg ár. Ég vissi að það vantaði þjálfara í Mosfellsbæ og Ingvar formaður hafði samband við mig og mér leist strax vel á að koma.“

Hver er staða badmintonsins hér í Mosfellsbæ? „Staðan er að mörgu leyti góð, það er mikill efnivíðing hér og deildin er sennilega sú þriðja til fjórða stærsta á landinu miðað við fjölda undir 19 ára. Í dag æfa um



70 krakkar badminton og margir sem byrjuðu nú í haust. Það er vel staðið að rekstri deildarinnar, t.d. fá allir sem byrja að æfa og greiða æfingagjald nýjan spaða. Það mætti þó samhæfa betur starf yngri deildarinnar við trimmflokkana eins og er gert í öðrum félögum. Þeir eldri geta þá kennt þeim sem yngri eru en trimmararnir hefðu eflaust gott af þeim yngri líka.

Það er sérstaklega ánægjulegt hvað krakkarnir hafa gaman af því að æfa sem er aðalatriðið“ segir

Ragna um leið og hún hvetur alla krakka til þess að byrja að æfa, það er aldrei of seint að byrja.

Hvað ráðleggurðu ungum krökkum sem vilja ná langt? Að mæta alltaf með 100% athygli á hverja einustu æfingu, ef hún er ekki til staðar þá er betra að vera heima. Síðan er gott að æfa aukalega, t.d. að styrkja sig og bæta þolið. Það sem hefur reynst mér vel er að setja mér markmið, hvort sem þau eru fyrir næstu viku, næsta mánuði eða næsta ár.



Hvernig er staðan hjá þér núna og hvað er framundan? Ég byrjaði að keppa á ný á alþjóðlegum mótum síðastliðinn september til þess að koma mér upp heimslistann. Ég hef þegar unnið eitt alþjóðlegt stórmót síðan ég byrjaði aftur, það var í nóvember hér á Íslandi. Ég þarf að vera í góðri stöðu á heimslistanum í maí 2010 þegar tvö ár verða í að Ólympíulistinn komi út. Fram að því mun ég æfa mjög mikið og keppa að meðaltali á einu alþjóðlegu móti í mánuði.

Kynning á Krakkafrjálsum

Hlynur Chadwick Guðmundsson frjálsíþróttþjálfari var með kynningu á Krakkafrjálsum í Íþróttahúsinu á dögnum. Hann bauð til sín nemendum úr 3. JV og 3. HLB. Um er að ræða nokkra ára gamalt þjálfunarform sem kemur frá Alþjóða frjálsíþróttasambandinu.

Fyrsta stigið, sem kallast Kids Athletics eða Krakkafrjálsar, byggir á blöndu íþróttar við leiki og miðar að því að gefa öllum þátttakendum

tækifæri á að reyna sig og vera með, samhliða sem þau fá góða þjálfun. Það er m.a. gert með því að kröfur til þátttakenda eru lagaðar að getu hvers og eins. Þátttakendum er skipað í hópa sem keppa sín í milli, en liðsmenn þurfa líka að leggja sig fram fyrir sitt lið þar sem frammistaða allra telur með. Þetta er því e.k. sambland af einstaklings- og liðakeppni sem gerir þátttöku áhuga-verða og skemmtilega fyrir hvern og



einn. Samhliða er lögð áhersla á að styrkja félagsleg tengsl á milli barnanna, þar sem börnin sjálf geta tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd keppinnar og æfinga.



Halla Heimisdóttir, lýðheilsufræðingur; Eva Magnúsdóttir, forstöðum. hjá Milu; Sigurros Jónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Milu og Anna Margrét Einarsdóttir, lýðheilsufræðingur.

Lýðheilsustefna að hætti Mosfellsbæjar

Fyrirtækið Mila efh. gerði á dögnum samning við lýðheilsufræðingana Höllu Heimisdóttur og Önnu Margréti Einarsdóttur um ráðgjöf í lýðheilsumálum.

Á haustmánuðum var unnið að því að móta stefnu í lýðheilsumálum. Stjórnendur leggja mikla áherslu á líkamlegt og andlegt heilbrigði starfsmanna sinna. „Með aðstoð Höllu og Önnu Margrétar var mótuð heildstæð lýðheilsustefna sem mótar heilbrigða sál í hraustum líkama,“ segir Eva Magnúsdóttir, forstöðumaður Sölu hjá Milu.

Hvernig gerum við gott betra?

Eins og flestir ættu að þekkja hefur starfsemi knattspyrnudeildar Aftureldingar vaxið gífurlega á undanförmum árum. Stjórnir allra arma knattspyrnudeildar eru eingöngu skipaðar sjálfbæðaliðum sem hafa það að markmiði að efla starfið og bæta sem allra mest og best. Því boða stjórnir knattspyrnudeildar alla áhugasama um starfið, á þrjá vinnufundi á rúmri viku. Tilgangurinn er að fá að borðinu sem allra flesta til að leggja í púkkið. Fyrsti fundurinn er laugardaginn 6. feb., nánar á afturelding.is.



HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

1290,-

„Alla leið“ í Mosfellsbæ

Ég er elsti frambjóðandinn í prófkjöri sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ þetta árið. Í fyrstu var ég feiminn við þann ískalda veruleika. Eftir að hafa hitt nokkra tugi sveitunga minna síðustu dagana er ég hins vegar orðinn hæstánægður með bæði aldurinn og erindið sem ég ætla mér að reka. Ég finn að fyrir þeim er mikill hljómgrunnur hjá fólki á öllum aldri og þess vegna held ég ótraudur áfram.

Í sinni einföldustu mynd snúast áherslur mínar um það að íbúar í Mosfellsbæ geti eytt ævinni allri í bæjarfélaginu. Ég vil sem sagt að menn komist „alla leið“ í bæn- um sínum í stað þess að hrekjast í burtu þegar árin færast yfir. Þar hef ég alls ekki í huga að eldra fólk verði fjárhagsleg byrði á bænum. Þvert á móti. Ég er til dæmis sannfærður um að margþættur fjárhagsleg-



ur ávinningur getur einmitt verið fölginn því að ein kynslóð taki við af annarri í íbúahverfunum.

Til þess að svo geti orðið þurfa þeir sem eldri eru að eiga möguleika á að minnka við sig húsnæði. Þeir þyrftu að eiga þann valkost að geta rýmt „gömlu stóru hús“ í rótgrónum skólahverfum fyrir ungum barnafjölskyldum og flutt í hentugar íbúðir í bæjarfélaginu sem þeir hafa tekið ástföstri við. Hagurinn er augljós. Eldra fólk flyst í hentugra húsnæði, yngra fólk kaupir notað húsnæði í stað þess að byggja nýtt og bæjarfélagið nýtir miklu betur en ella fjárfestingar sínar í leik- og grunnskólahúsnæði, leikvöllum, íþróttastöðum og öðru sem tilheyrir íbúahverfum fjölskyldufólks.

Ég er sannfærður um að það væri heppilegt fyrir bæjarfélagið að gera t.d. samning við byggingarfélag og

Íbúðalánasjóð um að byggð verði sérstök fjölbýlishús með þarfir full- orðins fólks í huga. Húsnæðið mætti bæði vera til sölu eða leigu, eða t.d. með búseturétti sem gengi kaupum og solum. Í kjarna þessarar byggðar yrði m.a. heilsutengd þjónusta og tómstundamiðstöð þannig að íbúar geti notið samvista hvers annars í stað þeirrar einangrunar sem gjarnan fylgir einbýlishúshverfunum.

Sjálf þjuggum við hjónin í stóru einbýlishúsi sem hentaði okkur vel á meðan börnin voru í heimahúsum en varð okkur síðar hreinasta kvöl vegna mikils kostnaðar og vinnu við húsnæði og lóð sem við höfðum ekkert við að gera. Við keyptum íbúð af hæfilegri stærð fyrir okkur tvö í fjölbýlishúsi í Klapparhlöðinni. Húsið er hannað fyrir fólk sem er komið yfir fimmtugt og því ekki heimilt að vera með börn á framfæri sínu. Okkur líður ákaflega vel í þessu umhverfi og teljum breytinguna með því besta

sem við höfum gert á tæplega 44ra ára hjúskaparferli okkar.

Komi til þess að við flytjum einu sinni enn vonumst við til þess að það geti orðið flutningur í sérhannað þjónustuhverfi fyrir eldri borgara í Mosfellsbæ. Ég er viss um að margir gætu nú þegar hugsað sér það sama og ég er líka viss um að á komandi árum mun því fólki hér í bænum fjölga verulega sem gjarnan vildi eiga ánægjulegt og áhyggjulaust ævikvöld einmitt í sínu góða bæjarfélagi. Þess vegna vil ég byggja upp vandaða aðstöðu og þjónustu fyrir aldraða – og til þess þarf ég á stuðningi þínum að halda í prófkjörinu.

Ég gef kost á mér í 4. sæti listans og minni á að frekari upplýsingar um mig og áherslur mínar má finna á <http://Tinyurl.com/haraldurprofkjor> eða www.profkjor.is/haraldur

Haraldur Haraldsson

Samfélagið er samábyrgt

Þann 6. febrúar fá Mosfell- ingar tækifæri til að velja sér fólk til forystu í sveitarstjórn- arkosningum í vor. Ég býð mig fram í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins og skora á alla Mosfellinga 16 ára og eldri að taka þátt í prófkjöri- nu og velja sína forystu. Bæj- arfélagið hefur verið rekið með miklum sóma og mun ég sannarlega halda áfram á þeirri braut. En með nýju fólki koma nýjar áherslur og ný tækifæri. Eftirfarandi málefni eru mín áherslur:

Lífsgæði

Ég mun stuðla að því að auka enn frekar lífsgæði íbúa Mosfellsbæjar. Tryggja þarf nálægð við náttúruna og útivistarsvæði, efla göngustíga- kerfi enn frekar, huga að almenn- ingssamgöngum og umhverfismál- um almennt. Lífsgæði íbúa felast ekki síður í því að efla heilbrigði og heilsu og mun ég leggja áherslu á heilsuefingu yngstu kynslóðarinnar og virkri þátttöku foreldra. Samfélag- ið er samábyrgt varðandi uppeldi og hag barna okkar. Stöndum saman um uppeldi barnanna, Mosfellinga framtíðarinnar.

Atvinnulíf

Ég mun leggja mig fram við að laða að fyrirtæki til þess að starfa hér í bæjarfélaginu. Áhersla verður lögð á að höfða til fyrirtækja sem starfa í þeim geira sem er öflugastur hér í Mosfellsbæ, heilsutengdri þjón- ustu. Markmiðið er að fjölga störf- um í heilsutengdri þjónustu á kom-



andi árum og nýta þannig sérstöðu Mosfellsbæjar bænum og íbúum til fram- dráttar.

Hlúa að börnunum

Ég hef brennandi áhuga á uppeldismálum, jafnt skóla- málum sem íþróttaiðkun barna og legg á það mikla áherslu að Mosfellsbær standi áfram þétt við bakið á börnunum hér í bæ og sýni áfram þann mikla metnað sem hér er í skóla- og íþróttamálum. Þá ber einnig að leggja áframhaldandi rækt við annað tómstundastarf.

Fjölskyldan og velferð

Mosfellsbær hefur laðað til sín barnafjölskyldur sökum þeirrar góðu umgjarðar sem hér hefur verið sköpuð um fjölskylduna. Standa verður vörð um þennan málaflokk og tryggja að sveitarfélagið geti áfram, þrátt fyrir krefjandi aðstæð- ur, veitt þá góðu þjónustu sem lagð- ur hefur verið grunnur að.

Aldraðir

Hópur eldri borgara í Mosfells- bæ fer sístækandi og því er mikil- vægt að huga sérstaklega að þeim hópi fólks hvað varðar búsetumögu- leika, þjónustu og félagsstarf. Með tilkomu nýs hjúkrunarheimilis gefst tækifæri til að efla til muna þjónustu við þennan hóp og mun ég beita mér fyrir því að það verði gert.

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, byður sig fram í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.

Liðveisla Starf með fötluðum

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar óskar eftir starfsfólki til að sinna liðveislu fyrir fatlaða. Markmið með liðveislu er að rjúfa félagslega einangrun og aðstoða þann fatlaða við að sinna áhugamálum sínum.

Liðveisla er bæði fyrir börn og fullorðna og nú bíða nokkrir einstaklingar eftir að fá liðveislu við hæfi.

Um fjölbreytt hlutastörf er að ræða og vinnutíminn er sveigjanlegur. Algengast er að liðveisla sé unnin seinni- part dags, á kvöldin eða um helgar. Störfin henta því vel fyrir námsmenn eða sem aukavinna.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmanna- félags Mosfellsbæjar og Launaneðndar sveitarfélaga.

Áhugasamir hafi samband við Guðnýju Júlíu Gústafsdóttur félagsráðgjafa hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða í tölvupósti gudny@mos.is



VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR



HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

1290,-

Styðjum Rúnar í 4. sætið

Þegar ég flutti í Mosfellsbæ með fjölskyldu mína var ég sannfærður um að þar væri gott að búa. Ég á þrjú börn og kann vel að meta það góða samfélag sem skapast hefur hér í Mosfellsbæ og þá góðu þjónustu sem hér er í boði. Hér þekkir maður nágranna sína, afgreiðslufólk í verslunum og þjónustumiðstöðvum. Eitt af því sem ég uppgvötaði hér í Mosó er að ökumenn stöðva fyrir gangandi vegfarendum og gangandi vegfarendur heilsa hverjir öðrum þegar þeir mætast. Lítið en mikilvægt gildi.

Í komandi kosningum þá ættu allir að kjósa þá fulltrúa sem líklegir eru til þess að koma orðum sínum í athafnir. Láta verkin tala og leiða hópinn með sér til góðra verka. Þegar ég sá hverjir væru að bjóða sig fram í prófkjöri í Sjálfstæðisflokksins þá sá ég strax einn góðan kost úr hópi frambærilegra þátttakenda, en það er Rúnar Bragi Guðlaugsson.



Rúnar þekki ég af góðu einu og get fullvissað mig um að hann mun leggja sig fram fái hann til þess brautargengi. Ég hef unnið með Rúnari í nokkrum verkefnum og hef orðið vitni af metnaði hans, vinnusemi og ósérhlífni. Rúnar hefur verið iðinn í starfi sínu fyrir ungmennafélagið og lagt sitt af mörkum í eflingu þess. Hann er verðugur fulltrúi íþróttahreyfingarinnar í forystusveit fyrir bæjarfélagið. Rúnar er maður sem hægt er að treysta. Hann er flottur fulltrúi okkar nýbúa sem eru tilbúnir til að láta til sín taka í Mosfellsbæ.

Ég lýsi yfir stuðningi við Rúnar Braga í 4. sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna sem fram fer á morgun, 6. febrúar.

Sigmar Vilhjálmsson
Prastarhöfða 26

Það er lífsstíll að hreyfa sig

Átaksverkefnið Lífshlaup- ið á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hófst 3. febrúar. Verkefnið felst í því að hvetja landsmenn til þess að hreyfa sig sér til ánægju og heilsubóta. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á www.lifshlaupid.is.



Gleðin

Við sem stöndum að Lífshlaupinu vonum að sem flestir hugsi til æskuáranna og muni þá eftirvæntingu og gleði sem þeir höfðu af því að fara út til þess að hreyfa sig. Við vonum jafnframt að þessar minningar verði þeim hvatning til þess að hreyfa sig. Hins vegar er mikilvægt fyrir þá sem hafa ekki verið að hreyfa sig en ætla að koma sér af stað aftur að velja sér hreyfingu sem þeim finnst skemmtileg. Mun meiri líkur eru þá á að áframhald verði á hreyfingunni. Leggjumst öll á árarnar og hvetjum hvert annað til hreyfingar.

Mosfellsbær hefur tekið virkan þátt í Lífshlaupinu. Grunnskólar og vinnustaðir hafa náð góðum árangri með bæjaryfirvöld í fararbroddi.

Mosfellingar sameinumst í baráttunni við sófann. Hreyfum okkur ánægjunnar vegna!

Hafsteinn Pálsson
formaður almenningisíþróttasviðs ÍSÍ

Mikilvægi hreyfingar

Stöðugt koma fram fleiri rannsóknir sem staðfesta að regluleg hreyfing er lykilþáttur fyrir heilsu og vellíðan fólks á öllum aldri. Ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um hreyfingu miða við að börn hreyfi sig í 60 mínútur á dag og fullorðnir a.m.k. 30 mínútur á dag. Fólk sem hreyfir sig reglulega minnkar ekki aðeins líkurnar á ýmsum langvinnum sjúkdómum t.d. hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki af tegund 2 og stoðkerfisvandamálum, heldur eykur hreyfing líkurnar á því að lifa lengur sjálfstæðu, heilbrigðu og hamingjuríku lífi. Heilbrigðri þjóð vegnar betur og mannauður eflist. Bætt heilsa fækkar veikindadögum og minnkar því álagið á heilbrigðiskerfið.



B&T Tækni

ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR

- Bremsur
- Dempapar
- Blettun & Málun
- Smáréttingar
- Smurþjónusta

Völuteigur 11, 270 Mosfellsbær
Sími: 565-5333 & GSM: 856-0226



Fékkstu Endurskoðun?

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



SEBASTIAN®

20% AFSLÁTTUR
- gegn framvísun miðans

20% afsláttur af Sebastian vörum
gildir til 26. febrúar

ARISTÓ
hárstofa

Háholt 14, s. 566-8989



RBS ehf

ráðgjöf - bókhald - skattskil

Gunnar Haraldsson, hagfræðingur
löggtur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
löggtur leigumiðlari

Þverholti 11, 270 Mosfellsbær - Sími 561 0244
Gsm 692 4000, 697 3500 - fax 561 0240 - rbs@centrum.is



ISHAMAR

Þarftu að breyta eða bæta, utandyra sem innan?
Tökum að okkur nýsmíði, sérsníði, viðhaldsvinnu og endurbætur.

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?

Fyrirtækið Rennur og niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur og niðurföll, einnig aðra þakvinnu.

Uppl. í síma: 694-8448, Ólafur



VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR

CELETTE

Fullkomnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Flugumýri 20
270 Mosfellsbær
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmiðjan

NÝJA BÍLASMIÐJAN HF

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

Bærinn okkar Mosfellsbær

Við fjölskyldan erum al-sæl með að hafa tekið þá ákvörðun að flytja í Mosfellsbæinn. Hér er gott að búa og ala upp börn. Okkur hefur liðið vel hér frá fyrsta degi. Guðmundursambýlismaður minn er fæddur á Ísa-firði og ég á Siglufirði. Þegar við fluttum hingað í Mosfellsbæ frá Kópavoginum þá fannst okkur báð-um að við værum komin heim.

Það hefur verið lögð mikil vinna í að byggja upp fallega bæjarfélagið okkar, sem hefur tekist mjög vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður í þjóð-félaginu. Þessari vinnu sem er eðli



málsins samkvæmt aldrei lokið, þurfum við að halda ótrauð áfram. Því að öll viljum við búa í fjölskylduvænu bæjarfélagi, með áherslu á samleið menntunar, íþrótt og tómstunda. Þar sem að allir bæjarbúar geta búið við góð lífsgæði frá unga aldri til efri ára og öryggi heimila og fyrirtækja er tryggt með aukinni nágrannagæslu, hreinlæti og hagsýnu aðhaldi í fjármálastjórnun bæjarins

Atvinnumál

Mosfellsbær er ákjósanlegur staður fyrir fjölbreytt atvinnulíf.

Hér er hægt að finna breiða línu í framleiðslu matvæla. Mörg góð verktakafyrirtæki eru rekin hér í bæ og alltaf stækkar markaður heilsutengdra fyrirtækja og stofnana. Við þurfum stöðugt að vera vakandi yfir því að halda fyrirtækjum í bæjarfélaginu með aðlaðandi og samkeppnishæfu rekstrarumhverfi.

Þá eigum við að styðja eins og hægt er við nýjar og góðar atvinnu-hugmyndir, fylgja þeim eftir og sjá þær verða að veruleika!

Ég hef sérstakan áhuga á og vil líta með auknum skilningi á samleið menntunar, íþrótt og tóm-

stunda. Mosfellsbær hefur vaxið hratt á undanförunum árum, þess vegna er afar mikilvægt að halda vel utan um leik- og skólaumhverfið.

Ég hef víðtæka reynslu sem launþegi, atvinnurekandi, rekstraraðili að ógleymdu því mikilvægasta, að vera foreldri. Þessi víðtæka reynsla á eftir að nýtast mér vel í þeirri vinnu sem er framundan hjá bæjarfélaginu okkar, Mosfellsbæ.

Ég óska eftir stuðningi ykkar í 5.-7. sæti í prófkjöri Sjálfstæðis-flokksins Mosfellsbæ.

Júlla Margrét Jónsdóttir
sugo@sugo.is, jmj-xd.net

Höldum í heiðri hin fjögur höfuðgildi Mosfellsbæjar

Ágæti Mosfellingur. Ég hef áður gert grein fyrir höfuðáherslumálum mínum á komandi kjörtímabili, sem eru; atvinnu-, samgöngu- og skólamál. Hér mun ég hins vegar fjalla um hin fjögur megingildi Mosfellsbæjar út frá mínum sjónarhóli sem frambjóðandi.



í landinu sem hefur verið í sem örustum vexti undanfarin ár og mun verða á komandi árum. Til að laða til sín fólk til búsetu í bæjarfélaginu, þarf bæjarfélagið að vera framsækið á mörgum sviðum.

Hér ber að nefna gagnsæja stjórnsýslu, dagvistunarmál fyrir barnafólk, góða skóla, góðar samgöngur í bænum, öflugt atvinnulíf og þjónustustarfsemi og síðast en ekki síst; hentug og góð búsetu-úrræði fyrir eldri borgara svo sem íbúðarhúsnæði eða dvalar- og hjúkrunarheimili, öflugt tómstunda- og félagsstarf, auk blómlegrar íþróttastarfsemi.

Mosfellsbær á að vera það bæjarfélag sem er fremst í flokki hvað þetta varðar og líta til framtíðar með lausnir á þessum sviðum.

Umhyggja

Mosfellsbær á að vera bær fyrir alla. Í Mosfellsbæ skal ríkja umhyggja fyrir íbúum bæjarins frá vöggu til grafar. Til að svo megi vera, þarf að ríkja umhyggja fyrir bæjarbúum. Það er metnaður sérhvers bæjarfélags að íbúum þess líði vel þannig að þá langi til að búa þar og að ávalt sé hlúð vel að bæjarbúum á öllum aldri. Þetta er hægt að gera góðri og markvissri grunnþjónustu af hálfu bæjarfélagsins, þar sem bærinn kemur að málum beint eða óbeint. Hér undir falla stofnanir eins og leikskólar, grunnskólar, íþróttastarfsemi og mannvirki tengd þeim, dvalar- og hjúkrunarheimili, sem og aðrar þjónustustofnanir bæjarins.

Mosfellsbær hefur á undanförunum árum náð langt í að halda í heiðri þessi fjögur gildi sem bærinn hefur að leiðarljósi. Ofangreind fjögur gildi Mosfellsbæjar verða sú áskorun sem við sjálfstæðismenn þurfa að leggja rækt við bæjarbúum til hagsbóta.

Virðing

Við sem bæjarbúar eigum að sýna hvort öðru virðingu auk þess að við eigum að bera virðingu fyrir umhverfi okkar hér í bænum. Því er mikilvægt að kjörnir bæjarfulltrúar sýni frumkvæði hvað þetta varðar, bæði í orði og verki. Að öðrum kosti mun virðing íbúanna ekki vera fyrir hendi gagnvart kjörnum bæjarfulltrúum, og gagnkvæm tortryggni og virðingarleysi mun ríkja. Þar af leiðandi er mjög mikilvægt að kjörnir bæjarfulltrúar sýni íbúum bæjarins virðingu og leitist við að uppfylla sem best þarfir þeirra hvað lögbundna þjónustu varðar. Hér er staðbundið íbúalýðræði einn af þeim hornsteinum sem skapar traust og þar með virðingu milli bæjarbúa og kjörinna fulltrúa þeirra til stjórnunar bæjarins á næstu árum.

Jákvæðni

Ekkert er verra en neikvæðni. Neikvæðni er niðurdrepandi og drepur niður allt frumkvæði og þrótt úr fólki. Þetta eru þau niðurrifsöfl sem við eigum að forðast. Þetta er ekki síst mikilvægt á þeim tímum sem ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar og samfélagið allt þarf á jákvæðni á halda svo takast megi á við að vinna bug á kreppunni sem nú ríkir.

Svo að jákvæðni ríki hér í bæjarfélaginu, eiga kjörnir fulltrúar fólksins í bæjarstjórn að vera opnir og taka jákvætt undir málaleitan bæjarbúa og allan erindisrekstur þeirra til bæjarins.

Framsækni

Mosfellsbær er það bæjarfélag

Frjárframlög

til lista- og menningarstarfsemi

Menningarmálanefnd auglýsir eftir aðilum sem óska eftir fjárframlögum frá nefndinni vegna listviðburða og menningarmála árið 2010. Hér undir falla áður árviss fjárframlög til margvíslegrar menningarstarfsemi í bænum, auk nýrra.

Reglur um úthlutun

1. Rétt til að sækja um framlög til nefndarinnar hafa listamenn, samtök listamanna og félagasamtök, sem vinna að listum og menningarmálum í Mosfellsbæ.
2. Fjárframlög til lista og menningarmála eru af tvennum toga:
 - a) Verkefnastyrkir til einstakra verkefna.
 - b) Starfstyrkir til félagasamtaka á sviði lista og menningarmála í Mosfellsbæ.
3. Nauðsynlegt er að umsækjendur tilgreini nákvæmlega til hvaða verka ætlað er að verja framlögum.
4. Umsóknnum skal skilað í síðasta lagi þann 1. mars 2010 á skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar. Þeim ber að skila á sérstökum umsóknareyðubliðum, sem hægt er að nálgast útprentuð eða á rafrænu formi hjá þjónustuveri Mosfellsbæjar. Rafrænum umsóknum ber að skila á netfangið: mos@mos.is.
5. Nefndin áskilur sér rétt til að hafna umsókn umsækjanda að hluta eða alfarið.
6. Niðurstöður menningarmálanefndar Mosfellsbæjar munu liggja fyrir eigi síðar en 9. apríl 2010 og eru háðar samþykki bæjarstjórnar.

Fræðslu- og menningarsvið



VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

Kolbrún Rake! Helgadóttir

kolbrun rakel@gmail.com
Lerkibýggð 5 - Mosfellsbær
Sími: 869-7090

**Nýjir viðskiptavinir velkomnir**

www.youcanworkfromhome.net

Líf og Líkami - Heilsustofa

- Bowen Tækni
- Spámiðlun
- Dáleiðsla
- Heilun & Heilunarnámskeið
- Höfuðbeina og spjaldhryggsmæðferð
- Shiatsu þrýstipunktameðferð



Brynjólfur Einarsson

Háholti 14 Mosfellsbæ • S: 866-0007

www.lifoglikami.is • binni@lifoglikami.is



Ágæti hundaeigandi

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent
á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogrelur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:
Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera
í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.
Á almannafæri er hundaeiganda skytt að fjarlægja saur
eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Fylgst er sérstaklega með lausagöngu
hunda og þeir hundar fjarlægðir
sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



VIÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum
ásamt helstu upplýsingum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

www.rafsjon.net

vefsíðugerð - umbrot - auglýsingar - nafnspjöld

**Mosfellingar fá 10% afslátt
af allri þjónustu!**

Rafsjon ehf. - 6908279 - rafsjon@rafsjon.net



STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
AUGLÝSINGAR - NAFNSPJÖLD - LJÓSMYNDUN - UMBROT
VEFSÍÐUR - RÁÐGGJÖF - ÖLL STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN


Háholti 14 - 270 Mosfellsbæ - GSM - 897-7738

www.gudni.is - gudni@gudni.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla
almenna jarðvinnu og
yfirborðsfrágang.



JARÐMÓTUN EHF

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

Miði er möguleiki

Það hefur margt misgáfu-
legt verið sagt um lýðræðið
um dagana. Plató sagði það
heillandi leið til stjórnnunar,
Marx taldi það leiða af sér
sósíalisma.

Aristóteles talaði um vilja
meirihlutans, en Camus um
réttindi minnihlutans.

Churchill þótti sýnt að það væri
illskásti kosturinn.

Ekki ætla ég hér að hætta mér út í
heimspekilegar þælingar um lýðræðið
eða kosti þess og galla.

Ég ætla hins vegar að hvetja fólk
til að nýta sér rétt sinn og tækifæri
til að hafa áhrif á stjórnmálið og
hverjir veljast til verka í bæjar-
og sveitarstjórn um allt land. Það er
naðsynlegt að rífa það upp reglu-
lega hve dýrmætt er að geta kosið
um bæði menn og málefni.

Ég er einn þeirra sem nú bjóða sig
fram til starfa í bæjarstjórn Mosfells-
bæjar. Ég geri það í bland af miklum
áhuga á bæjarmálum og þjóðfélags-



málum almennt, og líka af
skyldurækni.

Mér finnst ekki gefast vel
að sitja einungis heima og
tauta og raula við eldhús-
borðið, eða í kaffistofunni
í vinnunni að hitt eða þetta
sé hreinlega ómögulegt og
gera svo ekkert í því. Þá er
nær að láta almennilega til sín taka,
sitja ekki á skoðunum sínum en
huga frekar að því hvernig maður
getur orðið að einhverju gagni. Maður
vinnur ekki í happdrættinu án
þess að kaupa miða.

Ég vil með öðrum orðum hvetja
alla til þess að taka á einn eða ann-
an hátt þátt í því að gera samfélagið
sitt betra. Fyrsta skrefið er að mæta
á kjörstað.

Minna má það ekki vera.

Elías Pétursson
Höfundur óskar eftir stuðningi í þriðja
sæti á lista sjálfstæðismanna.

Fjölguð heilsutengdum atvinnutækifærum

Kæri kjósendi,
ég vil minna þig á að nýta
rétt þinn til að velja verðuga
einstaklinga í prófkjöri Sjálf-
stæðisflokksins 6. febrúar
næstkomandi. Ég óska eftir
þínu atkvæði í 2. - 4. sæti og
í staðinn gef ég kost á mínu
vinnuframlagi í áframhald-



andi uppbyggingu Mosfellsbæjar.
Ég legg áherslu á að varðveita þá
góðu uppbyggingu sem átt hefur
sér stað í bæjarfélaginu í þágu fjöl-
skyldna og einstaklinga. Grunnþarf-
ir fjölskyldna eru í eðli sínu einfald-
ar: þær þurfa atvinnu, húsaskjól,
fæði, góða skóla fyrir börnin, gott
umhverfi og góða íþróttastöðu. Ég
hef til að mynda leitt uppbyggingu
fimleikadeilda í fimm ár og starfað
í fræðslunefnd bæjarins.

Fyrirsjáanlegt er að Mosfellsbær
verður ekki mikið lengur svefnbær
þar sem fólk sækir vinnu til annarra
bæjarfélaga. Gert er ráð fyrir að allt
að eitt þúsund störf geti skapast í
bæjarfélaginu með nýju sjúkrahúsi
sem PrimaCare hyggst reisa í bæn-
um. Byggt verður allt að þrjátíu þús-
und fermetra hús við Köldukvíslar-
gljúfur við Tungumela í Mosfellsbæ
og gangi allt samkvæmt áætlun er
búið við að fyrstu sjúklingarnir
komu til aðgerða í lok ársins 2011.

Heilsubærinn

Þegar þetta verður raunin munu
allra augu beinast að Mosfellsbæ
sem heilsubæ. Hér hefur lengi verið
staðsett eitt þekktasta endurhæf-
ingarsjúkrahús á landinu. Nýja
sjúkrahúsið felur í sér mörg tækifæri
fyrir Mosfellinga um alls kyns heilsu-
tengda og afleidda þjónustu. Sjúkra-
húsið mun án efa afla landsmön-

um mikils gjaldeyris þegar
það tekur til starfa. Bæjarbú-
ar getu nýtt tímann og und-
irbúið komu spítalans með
því að skipulega frekari at-
vinnutækifæri.

Nýtum mannaúðinn

Öllum er ljós sú staða
sem Ísland er í og að við verðum
að sporna gegn atvinnuleysi. Íbúa-
lýðræði hefur verið töluvert vinsælt
hugtak í Mosfellsbæ og hefur verið
notað með ágætum árangri af nú-
verandi stjórnendum bæjarins. Að
mínu mati er mikilvægt á tímum
sem þessum að við tökum höndum
saman og nýtum mannaúðinn sem
við höfum í Mosfellsbæ. Við eigum
að nýta okkur þann styrkleika að við
erum ólík og efna til bæjarfundar
þar sem markmiðið væri að skapa
ný störf í Mosfellsbæ. Með því að
ljá öllum hugmyndum eyra missum
við ekki af neinu og allir sem vilja
geta tekið þátt í því að móta framtíð-
arbæinn sinn. Ég myndi vilja koma
að skipulagningu slíkrar vinnu sem
án efa myndi auka tryggð íbúanna
við bæinn.

Í Mosfellsbæ er frjór jarðvegur fyr-
ir heilsutengda þjónustu, í bæ með
mikilli náttúrufergurð, góðum útivist-
arsvæðum, sérfræðingum í heilsu-
málum, framhaldsskóla tengdum
lýðheilsu og umhverfisfræðum og
öflugu íþróttafélagi. Mosfellsbær er
ekki lengur svefnbær í útjaðri Reykja-
víkur heldur vaxandi og hraust bæj-
arfélag sem á bjarta framtíð fyrir sér.

Eva Magnúsdóttir, formaður fimleika-
deilda Aftureldingar og varaformaður
fræðslunefndar býður sig fram í 2.-4. sæti
í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins 6. febrúar.

Mosfellsbær er í sókn

Mosfellsbær er víðfeðm
náttúruparadís í jaðri höf-
uðborgarsvæðisins. Búið
er að byggja upp sterka inn-
viði og erum við því bet-
ur undirbúin að nýta okkar
hina einstöku náttúru,
menningu og sögu, samfé-
laginu til góðs.

Ég held að flestir geti verið mér
sammála um að Mosfellsbær er í
sókn og mikilvægt að spila rétt úr
þeim tækifærum sem felast m.a. í
sérstöðunni. Því höfum við verið að
marka okkur stefnu og tekið ákvarð-
anir sem efla bæði lífsgæði þeirra
sem nú lifa og komandi kynslóða.

Heilsubærinn Mosfellsbær

Mosfellsbær gaf á síðasta ári út
velferðaráætlun í anda Staðardag-
skrár 21 til ársins 2020 sem ber heit-
ið Mosfellsbær - sjálfbært samfélag.
Jafnframt hefur verið sett stefna um
að Mosfellsbær verði leiðandi á sviði
heilsuefingar, endurhæfingar og lýð-
heilsu. Í þessu felast margvísleg tæk-
ifæri fyrir samfélagið og ekki síst á
sviði heilsutengdrar ferðaþjónustu.

Reykjalundur er stolt okkar Mos-
fellinga. Fyrirtækið er í fararbroddi
á sviði endurhæfingar í landinu
og eru eflaust mörg ónýtt tækifæri
tengd þeirri starfsemi. Það var mik-
ið gleðiefni þegar fyrirtækið PrimaCare
tók ákvörðun um að reisa sjúkrahús
sitt í Mosfellsbæ og var það hið
einstaka umhverfi og metnaðarfull
stefna Mosfellsbæjar í umhverfis-
málum sem átti þátt í staðarvali fyr-
irtækisins. Á vormánuðum skýrast
næstu skref hjá PrimaCare og ef áætl-
unin stendur þá verða til 600 störf að
ógleymdri afleiddri þjónustu sem
til verður.



Ævintýralegt Varmárvæði

Varmárvæðið sem liggur á
milli Varmár og Köldukvíslar
er trúlega eitt mikilvægasta
útivistarsvæði okkar Mosfell-
inga. Á 20 ára afmæli Mosfells-
bæjar 9. ágúst 2007 var tekin
ákvörðun um að svæðið yrði
nýtt sem ævintýra- og útivist-
argarður. Hugmyndin er sú að garð-
urinn geti nýst allri fjölskyldunni,
allan ársins hring til fjölbreyttrar úti-
vistar. Varmárvæðið er um margt
sérstakt, upp með Varmánni er það
skógi vaxið að hluta, stígar liggja
með ánni og þar að leiðandi mikið
nýtt til útivistar. Varmá er á náttúru-
minjaskrá sem varma, því heitar
uppsprettur runnu í hana áður fyrr.
En áin kólnaði eftir að farið var að
virka heita vatnið á svæðinu. Í námi
mínu í umhverfis- og auðlindafræði
skoðaði ég möguleika svæðisins og
sýndu niðurstöður að margvísleg
tækifæri eru til staðar sem nýst gætu
íbúum og ferðamönnum á svæðinu.
Slíkt svæði hefði einnig töluvert vís-
indalegt gildi og mætti m.a. skoða
verndun og endurheimt vistkerfa.

Mér er umhugað um að efla bæ-
inn okkar og tryggja að uppbygging
samfélagsins verði í góðri sátt
við íbúa og umhverfi. Ég vil nýta
sérstöðu sveitarfélagsins til efling-
ar atvinnu, útivistar, nýsköpunar og
menntunar og líf bjartsýn til framtíð-
ar.

Ég heiti því að vinna áfram af
krafti fyrir bæjarfélagið og óska eft-
ir stuðningi í 2. sæti í prófkjöri sjálf-
stæðismanna 6. febrúar.

Herdís Sigurjónsdóttir bæjarfulltrúi
Herdís gefur kost á sér í 2. sæti.
herdis.blog.is

Rétt hjá JOA

Réttingar og sprautun

Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497

www.retthjajoa.is

Bæjarbúar hafi virka aðkomu að þróun og mótun bæjarins

Stjórnmal framtíðarinnar gera ráð fyrir því að íbúar hafi gott aðgengi að upplýsingum og eigi auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við bæjaryfirvöld. Stjórnmalamennt eiga að byrja á því að leita eftir skoðunum íbúa og í kjölfarið taka ákvörðun með hagsmunum heildarinnar að leiðarljósi. Krafan um aukio íbúalýðræði hefur farið vaxandi og nú er svo komið að við teljum þetta sjálfsagt, sem það er. Á næstu árum skapast spennandi vettvangur til að próa með hvaða hætti við virkjum íbúalýðræðið og hvernig við tryggjum þátttöku sem flestra íbúa í slíku samræði.

Frjó hugsun, framsækni og þrautseigja

Ég er uppálin í Mosfellsbæ, ég er gift Örnólfi Örnólfssyni og saman eigum við þrjú börn. Við hjónin erum í eigin atvinnurekstri en áður starfaði ég hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.



Ég hef í átta ár verið varabæjarfulltrúi og er nú formaður skipulags- og bygginganefndar. Það starf hefur verið mér lærdómsríkt og ég tel mig hafa öðlast dýræta reynslu og þekkingu sem ég veit að mun koma sér vel. Í starfi mínu bæði í atvinnulífi og félagsmálum hef ég lagt metnað minn í að vinna af heilindum, skapa jarðveg fyrir frjóar hugmyndir, vanda til þess sem ég geri og koma hlutum í verk. Góðar hugmyndir eru dýrmætar og þeim verður að koma í framkvæmd.

Ég hvet alla sjálfstæðismenn til að taka þátt í að velja öflugan lista fyrir komandi sveitarstjórnakosningar. Ég heiti því að vinna af krafti og heiðarleika og óska eftir stuðningi þínum í 2. sætið í prófkjörinu á laugardaginn.

Bryndís Haralds
Frekari upplýsingar um mig og áherslur mínar má finna á www.bryndisharalds.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

bókhald • ársreikningar • skattframtöl

Kenni bókhald og Excel!

Inga Jóna Óskarsdóttir
viðurkenndur bókari



www.bokhaldogkennsla.is
ingajona@internet.is

Grensásvegur 16, 108 Reykjavík, s. 691 0127



Gallery Garn Súluhöfða 15 270 Mosfellsbæ sími: 895 6086
Opnunartímar: mánudagar – fimmtudagar 13:00–18:00

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Kjósarsýsludeildar Rauða kross Íslands

verður haldinn þriðjudaginn
23. febrúar kl. 20 í Þverholti 7

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál

Fundarseta er öllum heimil.
Félagsmenn eru hvattir til að mæta.
Stjórnin



Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild



Kaffi- og veitingahús - Háholti 14 - S. 586 8040

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega öll jarðefni

VÖRUBILL Þ.B.

Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



Næstu blöð koma út:

Föstudaginn 26. febrúar
(skilafrestur efnis 22. febrúar)

Miðvikudaginn 19. mars
(skilafrestur efnis 15. mars)


mosfellingur@mosfellingur.is

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI


Steinteppe & epoxy gólfefni



STOFAN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTAÐURINN



SteinTeppe.is

Sími 864 6600

www.steinteppe.is | steinteppe@steinteppe.is

Heyrst hefur...



...að óánægja sé með breyttan opnunartíma í World Class og Lágafellslaug sem lokar nú 20:30.

...að sýna hefði átt úrslitaleikinn á EM í handbolta í íþróttahúsinu hefðu Íslendingar komist þangað.

...að Biggi Haralds sé að semja lag tileinkað kærleiksvikunni.

...að Jón Andri Helgason úr handboltanum hafi sigrað sinn hóp í Wipeoutinu á besta tímanum.

...að lifandi rollur hafi tekið á móti Þorablotsgestum í íþróttahúsinu.

...að Konur í Mosó séu að skipuleggja svaka party 13. febrúar.

...að bæjarstjórinn hafi sinnt símsvörun í þjónustuverinu á meðan að hanboltaleikirnir á EM fóru fram.

...að mosfellska dama hafi skellt sér í sleik við Ingó í Veðurguðunum eftir ballið í íþróttahúsinu.

...að myndir frá Þorabloti Dalbúa og Kjósverja birtist í næsta blaði.

...að Evar Sigdórsson hafi farið fyrir hljómsveitinni "Með stuttum fyrirvara" á Þorabloti Dalbúa.

...að Matti sé tvítugur í dag.

...að margir séu ósáttir við smölun í prófkjöri Samfylkingarinnar.

...að Kiddi Rót stefni að því að opna um næstu mánaðamót.

...að verið sé að þjálfra klappstýrulið á Kjalarnesi.

...að þjófar ásækist nú í miklum mæli GSP tæki í bílum í Mosfellsbæ.

...að byrjað sé að undirbúa boltaball að gömlum sið sem verði í mars.

...að Dóri í Melkoti hafi fagnað 50 ára afmæli sínu sama kvöld og Dalbúar héldu sitt árlega Þorablot.

...að stefnt verði að því að slá heimsmet í hópknúsi í kærleiksvikunni sem verði er að starta.

...að einn mikilvægasti leikur handboltatímabilsins fari fram í kvöld á Selfossi. Boðið er upp á friar rútuferðir frá Varmá kl. 18:15

...að Sjálfstæðisflokkurinn sé búinn að taka á leigu bíl við hlið Krónunnar undir kosningaskrifstofu.

...að það séu komnir nýjir eigendur af Sólbaðsstofunni.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS



Einar og Guðrún eignuðust stúlku 3. janúar

Fyrsti Mosfellingur ársins

Einar Haukur Óskarsson og Guðrún Þuríður Höskuldsdóttir eignuðust sitt fyrsta barn í ársbyrjun. Lítil dama fæddist þann 3. janúar eftir rétt tæplega 34 vikna meðgöngu. „Hún lá inni á vökudeild í tæpar tvær vikur en þurfti mjög litla sérhæfða aðstoð og fékk þess vegna að útskrifast svona snemma. Hún braggast mjög vel og stendur sig eins og hetja,“ segir móðirin. Litla daman er fyrsti Mosfellingur ársins og óskum við þeim innilega til hamingju.


MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 26. FEBRÚAR

SKILAFRESTUR EFNIS/AUGLÝSINGA ER 22. FEBRÚAR

FYRIR / EFTIR

Klipping: Svava Björk



Hárstofan
Sprey
Háholt 14
S. 517 6677
20% afsláttur
af öllum vörum
fimmtudaginn 11. febrúar

Í eldhúsinu

HJÁ EIRÍKI

Heit súkkulaðikaka

Eiríkur Þorleifsson húsasmiður gefur okkur uppskrift að þessu sinni, hann starfar hjá ÍAV við uppbyggingu á tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. „Ég fékk þessa uppskrift hjá snilldar-kokknum tengdamóður minni fyrir nokkrum árum. Þessi kaka hefur orðið svona fastur liður þegar það verður gestkvæmt hjá okkur hérna í Þratarhöfðanum og fellur alltaf vel í kramið hjá ungum sem öldnum.“
Heit súkkulaðikaka fyrir c.a. 6 manns.

Deig:

125 gr. sykurl

125 gr. smjör
2 stk. egg
25 gr. kakó
75 gr. hveiti
2 msk. mjólk
1 tsk. lyftiduft
og í lokin
50 gr. sykurl
2 msk. kakó
1-2 bollar kaffi

Fyrst tökum við egg, sykurl og smjör og þeytum vel saman. Bætum síðan hveitinu, kakó, mjólk og lyftiduftinu úti og blöndum saman. Næst hellum



við þessu í smurt eldfast mót, nota sjálfur c.a. 15 X 25 sentimetra mót. Að því loknu blanda ég saman sykri og kakóinu og stráí jafnt yfir, svo helli ég kaffinu yfir svo það fljóti yfir deigið. Bakað við 150° í 50 mínútur.

Borið fram með t.d. þeyttum rjóma, ís og ekki er verra fyrir sælkerann að fá nokkur fersk jarðarber og bláber með. Verði ykkur að góðu.



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Agla Móey fæddist 15. nóvember 2009. Hún var 11,5 merkur og 49 cm. Foreldrar hennar eru Einar Bjarni Jónsson og Sigríður Þóra Árnadóttir.



Guðmundur Matthíasson, fæddist kl. 14:03 þann 10. nóvember á SHA. Hann var 13 merkur og 51 cm. Foreldrar eru Matthías Hálfánarson og Brynja Guðmundsdóttir.



Nýir Mosfellingar

Mosfellskórinn leitar af **karlaröddum** til að taka þátt í skemmtilegum kór sem syngur **létt popplög** og **dægurlög** sem allir þekkja. Komdu og vertu með í hressum og skemmtilegum **hópi** fólks á öllum aldri.

Mosfellskórnum er stjórnað af Vilberg Viggóssyni sem hefur áralanga reynslu af tónlistarkennslu og stjórnun kóra.

Upplýsingar veitir Hugrún Þórisdóttir formaður í síma 824 4812.

Fermyndir
www.myndó.is



Ljós Myndastofan - Hrafnshöfða 14 - Mosfellsbæ - Sími: 898 1795 - myndo@myndo.is
Ljósmyndari Ólína Kr. Margeirsdóttir

Við treystum Rúnari til góðra verka!



Snorri
Gissurarson



Leifur
Guðjónsson



Berglind
Hilmarisdóttir



Bjarki
Sigurðsson



Erna
Reynisdóttir



Pétur K.
Guðmarsson



Anna Ólöf
Sveinbjörnsdóttir



Birgir
Hrafnsson



Ragnar
Simonarson



Klara
Sigurðardóttir



Steindi
Jr.



Pétur
Magnússon



Sigurpáll Geir
Sveinsson



Bjarki Már
Sverrisson



Guðbjörg
Pétursdóttir



Þorbjörn K.
Eiríksson



Ásgeir
Sveinsson



Sigríður
Hjálmarssdóttir

PRÓFKJÖR SJÁLFEÐISMANNNA Í MOSFELLBÆ FER FRAM 6. FEBRÚAR

ÉG ÓSKA EFTIR ÞÍNUM STUÐNINGI Í 4. SÆTI

- Vinnum markvisst að því að gera Mosfellsbæ að áhugaverðum bæ til að búa í með því að efla miðbæinn og alla almenna starfsemi og þjónustu.
- Það þarf að efla og fjölga atvinnuskapandi verkefnum í Mosfellsbæ.
- Aukum ferðþjónustu og afþreyingarmöguleika fyrir ferðamenn.
- Leitum leiða til að auka sparnað í rekstri án þess þó að skerða grunnþjónustu við íbúa og þjónustu við fatlaða sem og aldraða.
- Íþróttir og tómstundir barna okkar eru besta forvörmin. Tryggjum viðunandi aðstöðu og verum samkeppnishæf við nágrannasveitarfélög okkar.
- Eflum löggæslu og gerum hana sýnilegri með öryggi bæjarbúa í fyrirrími.

Kær kveðja,

Rúnar Bragi Guðlaugsson



4. RÚNAR BRAGI
GUÐLAUGSSON
SÆTI

www.runarbragi.blog.is

SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvað hefur þú
afrekað á árinu?



ERLA: Skrefinu nær
stúdentnum



FIFFI:
Varð títugur.



SARA: Komin með miða á
Liverpool-Chelsea



KAREN:
Fara til Kína.



HILMAR: Enn einn
Mosfellingurinn kominn út.



ÓLI: Enn ein
spurningin í hús.



Þessar eru hressar



Bjarni í Austurríki



The Freeman



Grín og glens



Díska skvísá



Boltabullurnar



Vinir Árna



Treysta á Veðurguðina



We are family

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Partýpinnarnir




Mála bæinn rauðan



Wipeout kóngurinn



Heimslíðshjónin



Eurovision aðdáendurnir



Sæt í svörtu



271 Rituhöfði



Sögu ríkari



Steindinn okkar og Bobbinn



Drengirnir á deitballi

**TVÖFÖLD
HAMINGJA**



Kjammað



**FRÆNKURNAR HRÖNN OG HELGA
EIGNUÐUST TVÍBURA**



ARNAR



LENNON

**KÆRLEIKSBARINN
ER OPINN**

Tökum þátt í
kærleiksvikunni

ÁSLÁKUR



Háholt 13-15

Fiskbúðin Mos

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa**Kjarna**
Pverholti 2
Sími: 534 3424

ÞORRABLÓT Í MOSÓ

Gestir á Þorrablótí Aftureldingar mæta til leiks.



HEIMILIS- MATUR Í HÁDEGINU

1290,-



Mynd/Raggi Óla



Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór-
býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi.
Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður.
Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus
fjótlega. Hagstætt verð. **V. 19,0**



Krókabyggð

Glæsilegt 220 fm. parhús á tveimur
hæðum á góðum stað í Mosó.
Flottar innréttingar og gott skipulag.
Glæsilegur garður með garðhúsi og
góð aðkoma að húsi.



Laxatunga

Erum með til sölu 5 íbúða raðhúsalengju
við Laxatungu í Leirvogstunguhverfi.
Stærð húsans er 245 fm. og afhendast
þau fullbúin að utan en fókheld að innan.
Áhvílandi íbúðalánsjóður kr. 21 m. vextir
4,6%. **V. 33,9**



Stórikriki

Afar glæsileg 159 fm. eign á efstu hæð
í þessu vandaða fjölbýli við Stórikrika.
Eignin er með 24 fm. bílskúr og góðu
herbergi inn af honum. Flottar innréttingar,
stórar svalir og fallegt útsýni til Esjunnar.
3 rúmgóð svefnherbergi. **V. 32,8 m.**



Tröllateigur

Mjög fallegt 185 fm. raðhús á
tveimur hæðum við Tröllateig í
Mosfellsbæ. Góð svefnherbergi,
flottar innréttingar. Stór sólpallur
með heitum potti. Gott skipulag.
Einstaklega falleg eign.



Þjónusta við Mosfellinga í 20 ár

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

588 55 30



Lágholt

Fallegt og vel skipulagt 200 fm. einbýli við
Lágholt. 4 svefnherbergi. Stór stofa með
arni og útgengi í fallegan garð. Rúmgott
eldhús. Útgengt úr herbergi á stóran
sólpall. Stór og fallegur garður. Upptekin
loft í stofu og eldhúsi.



Tröllateigur

Glæsileg 4. herb. 101 fm. íbúð á 2.
hæð í vönduðu litlu fjölbýli við Tröllateig
í Mosfellsbæ. Sér inngangur. Björt stofa.
Vandaðar innréttingar. Glæsileg gólfefni.
Flott umhverfi í rólegu hverfi. Skipti á
stærri eign í Mosó, helst í Holtunum.



Skólabraut

Fallegt og vel skipulagt 161 fm. einbýli
við Skólabraut. Mikið endurnýjað hús.
Nýjar innréttingar. Baðherbergi bæði
ný tekin í gegn. Flottur pallur og 4
svefnherbergi. Eign í góðu viðhaldi.
V. 39,2 m.



Þrastarhöfði

Mjög falleg og vel skipulögð 116,3 fm.
íbúð á jarðhæð með sér inngangi.
3 góð svefnherbergi. Órútt í grunn-
skóla, sundlaug og íþróttastöðu. Flott
eign fyrir vandláta. Seljandi leitar eftir
skiptum á dýrari eign. **V. 29 m.**